
FORLAGIÐ

Orðskýringar við Sölku Völku

Hér má finna lista með þeim orðskýringum sem eru birtar í 13. útgáfu Sölku Völku eftir Halldór Laxness. Orðskýringarnar eru í stafrófsröð og hægt að leita í þeim með því að fletta í gegnum skjalið eða nota til dæmis Ctrl + F.



Athugið að orðskýringarnar geta aldrei komið alveg í staðinn fyrir notkun orðabóka og gott getur verið að fletta upp orðum á snara.is og malid.is við lesturinn.

Góða skemmtun!

Orðskýringar

að tiltölu við: miðað við, í réttu hlutfalli við.

að westan: að vestan (frá Ameríku).

aðdróttun: dylgjur, meinyrði

aðfærslusamur: athafnasamar.

aðgerðarvinna: vinna við að gera að fiski, þ.e. hausa hann, taka innyflin o.s.frv.

aðiljar: beygingarmynd af „aðilar“.

aðsópsmikill: mikilfenglegur, skörulegur.

aðsúgur: árás.

afbötun: afsökun, málsbót.

affarabest: heillaríkast.

affarasælast: farsælast, best.

afkáralegur: skringilegur, bjánalegur.

afklæddur: háttaður, farinn úr fötum.

aflægisgangur: ómyndarskapur.

aflægisháttur: ómyndarskapur.

aflæsa: læsa, harðlæsa.

aflögufær: fær um að miðla öðrum (af e-u).

afmá: þurrka út.

afráða: ákveða, einsetja sér.

afspurn: orðrómur, umtal.

afstaðinn: um garð genginn, liðinn.

afturelding: morgunsár, dagrenning.

afturfótahaft: fjötur, band, fest um afturfæturna svo kýrin sparki ekki þegar hún er mjólkuð.

afturgafl: aftari gafl (endaveggur) húss.

aka sér í herðunum: hreyfa sig (lítillega) í herðunum.

ala önn fyrir e-m: annast um, sjá e-m farborða.

alin: (ft. álnir) lengdarmálseining (miðuð við lengd frá olnboga að fingurgómum), mislöng á ýmsum tímum.

allehonne: (íslenskur framburður á danska orðinu „allehånde“) allrahanda, negulpipar, krydd unnið úr óþroskuðum, þurrkuðum aldinum runna af myrtuætt.

Allir fíngur eru jafnlangir þegar í lófann kemur: langatöng nær ekki lengra en litli fingur þegar hnefinn er krepptur. Eins eru menn á efsta degi, þá er enginn öðrum meiri.

allt er í orðu: allt er í reglu, allt er í lagi.

allténd: hvað sem öðru líður, að minnsta kosti.

alltuppsvelgjandi: sem gleypir allt í sig.

almanak: dagatal í tímaröð.

ambur: kvörtunarhljóð í barni.

amlóði: ónytjungur, letingi.

andæfa: mótmæla, berjast gegn.

angan: ilmur.

angefa: játa á sig sakir (*angive* á dönsku merkir að ‚kæra').

angist: sálarkvöl, harmur.

angráður: hryggur, dapur.

annan dyntinn: stundum. mstu fingurgóma beggja handa útréttra beint frá öxlum.

annarlegur: einkennilegur, undarlegur.

annarlegur: undarlegur, einkennilegur.

annálsverður: markverður.

annexía: útkirkja, kirkjustaður þar sem er ekki prestsetur.

annexíutúr: heimsókn í útkirkju, þ.e. kirkjustað þar sem ekki er prestsetur.

ansa: svara.

anstalt: stofnun.

apaspil: fífl.

aplafyl: ófullburða folald; (bls. 27) flón.

arður: gróði, hagnaður.

arfþeginn: hefðbundinn.

argast í: tuða í.

arnarnefjaður: bjúgnefjuð, með bogið nef, kónganef.

askvaðandi: blaðskellandi, með (miklum) hamagangi.

atalt: af dugnaði, ötullega.

aukast ásmegin: vaxa kraftur (ásmegin: áskraftur, guðlegt afl).

á málum: á máltíðum, tíminn þegar máltíðir fara fram.

á mjóum þvengjum læra hvolparnir að stela: menn byrja að stela litlu en fyrr en varir eru þeir orðnir stórþjófar.

á skipsfjöl: um borð í skip/bát.

á snið: á ská.

ábyrgðarbréf: bréf sem skrásett er til sendingar og móttakandi staðfestir að hann hafi fengið.

áfellir: hret, slæmt veður.

ágóði: gróði, hagnaður.

álaga: opinber gjöld (skattar, útsvar).

álasandi: ásakandi.

álfkynjaður: af kyni álfa.

álímingar: álímdur (merki)miði.

ámátlegur: ljótur, fáránlegur.

áratog: áradráttur, þegar ár eru dregnar í vatni.

árna: óska, biðja.

ás: löng (og lág) hæð.

ásauður: kvíaær, mjólkandi ær.

ásjóna: andlit, ásýnd.

áskin: skin, blik, glampi, ljómi (það sem ‚skín á' e-ð).

ástmögur: eftirlæti, augasteinn, ljúflingur.

átumein: krabbamein.

átylla: tilliástæða, yfirskin, yfirvarp.

ávaxta sitt litla pund: verja hæfileikum sínum vel.

áveðurs: sem snýr gegn vindi og veðrum, þ.e. ekki í skjóli.

ávæningur: lauslegur orðrómur, kvittur.

áþekkur: líkur, svipaður.

baðmullarsokkur: bómullarsokkar.

balsam: ilmsmyrsl.

bambusreyr: bambusstöng, bambus.

banakringla: efsti hálsliður.

banda: benda, pata, veifa.

bandítti: bófi, glæpamaður.

baraxlaður: með háar og beinaberar axlir.

bardús: erfiði, dútl.

barnahæli: hæli fyrir börn, hér átt við barnaheimili.

barnamaður: barnmargur maður.

bágrækur: erfiður í rekstri, torrekinn.

beiða upp: verða aftur eðlunarfús þar sem fang hefur ekki fengist, þ.e. fóstur ekki orðið til.

beinakex: þurrt og gróft kex.

beita fyrir: setja (tengja) fyrir framan til að knýja áfram eða draga (t.d. hafa dráttarvél fyrir framan plóg eða rakstrarvél).

beitningahús: hús eða skúr þar sem beitning fer fram, þ.e. lóð eru beitt (*lóð*: fiskilínur með mörgum önglum; *beita*: agn fyrir fiska).

bekkjast til við e-n: abbast upp á e-n, hrekkja.

bendill: skáband, borði.

bera hvorki til titla eða tíðinda: ekkert markvert gerist.

bera í rúðuna: sjást í rúðunni/glugganum.

bera nýrra við: (hneykslun) það væri eitthvað nýtt.

bera óðan á: tala hratt.

bera upp: bera afla á land.

bera úr býtum: hafa ávinning/árangur af e-u.

bera víurnar í e-n: sýna e-m áhuga.

berast á: skarta, lifa hátt.

berja lóminn: kvarta.

berkríkaður: með lærin ber.

berserksgangur: æði (eða hamskipti) sem rann á suma menn (berserki), t.d. í bardaga.

bersyndugur: opinber, yfirlýstur syndari.

bersyndugur: opinber, yfirlýstur syndari.

betri er ein kráka í hendi en tvær í skógi: betra er að eiga e-ð gulltryggt en taka áhættu.

beysinn: burðugur, merkilegur.

B-fjörefni: B-vítamín.

biðja gott fyrir sér: biðjast vægðar, miskunnar.

bikkja: lélegur hestur, (bls. 128) lastyrði um mann/konu.

billegur: hæfilegur, tilhlýðilegur, ódýr.

binda trúss við e-n: leggja lag sitt við e-n (*trúss*: farangur, pjönkur).

bittinú: lýsir gleðiblandinni undrun (stundum einnig háðskenndri).

bíslag: viðbygging úr timbri framan við útidyr, oft lokuð, til skjóls og fyrir útiflíkur, stígvél o.þ.h.

bjargálnamaður: sá sem kemst sæmilega af, hefur þokkalegan fjárhag.

blankur: peningalaus.

blautabarn: ungbarn, kornabarn.

bládepla: snjóblóm, vetrarblóm.

bláklukka: íslensk plöntutegund með klukkulaga blómum, einu eða tveimur á stöngli, yfirleitt bláum.

blámaður: blökkumaður.

bleyðiskapur: hugleysi, kjarkleysi.

blífanlegur: varanlegur.

bljúgur: auðmjúkur, feiminn, hógvær.

blóðberg: lágvaxin og skriðul íslensk plöntutegund af varablómaætt, trékennd og ilmandi með litlum, bleikrauðum blómum í þéttri skipun, vex á melum og víðar, blóðbjörg.

blóðrunninn: tæmdur að blóði.

blóðtærður: grindhoraður.

blygðarlaus: blygðunarlaus, ósvífinn.

blýbundinn: hreyfingarlaus.

blæða: borga.

boðangur: (boðungur) (bls. 449) brot á buxum yfir buxnastreng.

boldang: segldúkur.

boldangskvenmaður: stór og fyrirferðarmikil kona, dugnaðarkvenmaður.

boli: bolsévíki, kommúnisti.

bolsévism: stefna bolsévika sem voru rússneskir jafnaðarmenn, kommúnistar.

bókabéus: bókaormur, lestrarhestur, grúskari.

bólfæri: lóð, lína.

bóndabeygja: tak þannig að önnur höndin er sett aftur fyrir hálsinn á e-m en með hinni tekið undir hnésbætur og hann svo beygður saman.

braga: lýsa, geisla, leiftra.

brambrölt: (brambolt), gauragangur, brölt, braml.

braskari: sá sem leggur stund á gróðabrall, brallari, prangari.

brauð: prestakall.

brautargengi: hjálp, fylgd, fylgi.

bráðgjörvari: (efsta stig af *bráðger*) bráðþroska.

breiða fisk: dreifa úr fiskflökum svo þau þorni.

breima: viljugur til eðlunar.

brekán: ofin rúmábreiða.

brennsluspritt: suðuspritt, eldsneyti.

bréfhirðing: minni háttar póstafgreiðsla.

brigðull: óstöðugur, svikull.

brikk: fyrirferðarmikill, gildvaxinn kvenmaður.

brima: versna í sjó, koma brim, ólga.

bringspalir: neðsti hluti brjóstb

bris: ör, þykkildi.

bríarí: umhugsunarlítil athöfn, uppátæki af litlu viti.

brími: eldur, bál (ástarbrími: ástareldur).

brjálkenndur: geðveikislegur.

Brjánsbardagi: talinn hafa farið fram á Írlandi á föstudaginn langa, 23. apríl 1014, þar tókust á Brjánn yfirkonungur Írlands og lið Sigtryggs silkiskeggs Dyflinarkonungs og Sigurðar Orkneyjajarls. Bardaganum lauk með sigri liðsmanna Brjáns en Brjánn féll þó sjálfur.

brjósthimnubólga: stingsótt, fleiðrubólga, þ.e. bólga í fleiðru, himnunni sem klæðir lungun utan og lungnaholið innan, oftast fylgimein lungnasjúkdóma.

brjósthlíf: laust, óhneppt (og línstrokið) skyrtubrjóst, blaðka.

brjósthroði: slím fyrir brjósti.

brúka beisk meðul: nota þungbærar aðferðir.

brúka: nota.

bryggjusporður: fremsti hluti bryggju.

bulla: þorpari, óáreiðanlegur (ómerkilegur) náungi.

bura: (slitin) yfirhöfn.

burgeis: auðmaður, valdamaður

búa sem á bæ er títt: haga sér eins og tíðkast á staðnum.

búðarkjóll: búðarkeyptur kjóll.

búðarstígvél: búðarkeypt stígvél, þ.e. ekki heimagerðir skór (sauðskinnsskór).

búðarstóll: búðarkeyptur stóll.

búsílag: e-ð sem lagt er til bús, búbót.

búverka: (so.) vinna við heimilisstörf.

bytta: lágt, hringlaga ílát.

býti: kjör.

bænabókarfær: nokkurn veginn læs á prent og skrift.

bölmóðugur: sorgarfullur, erfiður, bölsýnn.

böngulegur: klaufalegur, amalegur.

dabb: leðja, óhreinindi, sóðaskapur.

daglaunakona: kona sem vinnur fyrir tímakaup eða launum fyrir einn dag í senn.

dagsbrún: dögun, nýr dagur.

dagsverkatala: skrá yfir vinnu dagsins, fjöldi dagsverka.

dagtreyja: hversdagstreyja, aðskorin treyja úr sirsi, dúk eða vaðmáli, hneppt eða krækt að framan, með löngum ermum í rykktum handveg og fóðruð.

dalalæða: þoka sem liggur lágt eða þokubelti sem leggur inn í dali.

damla: róa hægt.

dammur: blaut föt.

dandalast: rangla, hanga aftan í, standa í lausu ástarsambandi við e-n.

danskur(inn): Danir.

dálkur: fiskhryggur (bein).

dámagn: dularafl, galdraáhrif.

deigla: málmbræðsluílát, bræðslupottur.

dentíð: í þá daga, á þeim tíma.

déls: (blótsyrði) djöfuls, déskotans.

dilkakjöt: lambakjöt.

dilkur: lamb.

dindill: (dyndill) rófa, sá sem lafir aftan í öðrum, dyndilmenni.

djarfa fyrir e-u: grilla í e-ð, móta fyrir e-u.

djúpsettur: djúpur (hér um heita ósk).

dobía: mikið af e-u.

domm: niðurdreginn, dapur eða máttlaus, sljór.

dorningur: skinnsokkur.

draga auga í pung: píra auga.

draga klúruna úr kengnum: draga hurðarloku úr krók í dyrastaf, opna; *klúra*: hurðarloka, *kengur*: krókur.

draga saman seglin: dragast saman, minnka umsvif, beita niðurskurði.

draga sig við: hika.

dragast í tíma: taka lengri tíma en ætlað var.

dragsúgur: næðingur, gustur innanhúss.

draumaringl: draumarugl.

drápa: hetjukvæði, lofkvæði.

drengjakollur: hár (stúlku) klippt eins og á pilti, komst í tísku á 3. áratug 20. aldar.

drepa á dyr: berja að dyrum, banka.

drepa hendi við e-u: hafna, neita, afsala sér e-u.

drepa í skörðin: tala ógreinilega (af því að tungan fellur í skörð í tanngarðinum).

drepa ofan á: smyrja.

drjúgum: allmjög, býsna.

drumbslegur: durtslegur, þögull.

drusla: (bls. 357) ruslkvæði.

drúpanda höfði: vera niðurlútur, lúta höfði.

drýgja: fremja, framkvæma.

dubba: subbulegur kvenmaður.

dubba: subbulegur kvenmaður.

duffilstreyja: treyja úr loðnu ullarefni.

dufla: daðra.

dugandis: duglegur, vel nýtur.

duggarapeysa: sjóarapeysa, peysa úr grófu ullarbandi sem sjómenn notuðu.

dul: blekking.

dula: léleg flík, tuska, drusla.

dumla: róa hægt.

durgur: fataræflar.

durnalega: ruddalega, önuglega.

duttlungafullur: amasamur, dyntóttur, kenjóttur, mislyndur.

duttlungur: dyntur, tiktúrur.

dúra: slota, blunda, sofa.

dúsa: túttа handa ungbörnum, tuska fyllt af tuggnum mat.

dvelja: tefja, hindra, draga á langinn, *hvað dvelur e-n*: hvað tefur e-n.

dymbilvika: vikan sem hefst á pálmasunnudag og endar á laugardag fyrir páska.

dyradrótt: dyrasylla, þverbiti yfir dyrum.

dyrustafur: (dyrastafur) hluti dyraumbúnings, lóðréttur stólpi sitt hvorum megin dyra.

dýjaveita: dý, vot mýrardrög.

döggskór: (bls. 288) málmhlíf á neðri enda göngustafsins (yfirleitt notað um málmhlíf á neðri enda sverðslíðurs).

ebenviður: (íbenholt) dýrmætur og mjög eftirsóttur viður allt frá fornöld, gjarnan svartur eða svarbrúnn.

e-ð dregst úr hömlu: e-ð dregst á langinn.

e-ð er e-m innborinn eiginleiki: e-ð er e-m meðfæddur eiginleiki.

e-ð er hart aðgöngu: það er erfitt að sætta sig við e-ð.

e-ð er viss passi: e-ð bregst aldrei, er föst regla.

e-*ð gengur staflaust*: e-ð er altalað en styðst ekki við neitt sérstakt, orðrómur.

e-ð kvað vera: svo er sagt, e-ð ku vera.

e-ð nær ekki máli: e-ð uppfyllir ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru.

e-ð stendur e-m á beini: e-ð er þröngt eða of lítið.

ef hann skyldi koma á: ef skyldi fara að rigna.

eftirgangsmunir: það að ganga eftir e-u.

eftirkaup: eftiráviðskipti, þ.e. að eitthvað komi í bakið á „kaupanda“, hér Jukka, ef Sigurlína hrasar aftur.

eggsnarpur: mjög hvass, flugbeittur.

eiga ekki miklum manni að má: (bls. 30) það er lítið í hana spunnið. Orðatiltækið ‚að eiga miklum (litlum) manni að má‘ merkir að það sé mikið (lítið) í einhvern spunnið eða að einhver sé (ekki) líkamlega sterkur eða hraustur.

eiga fyrir snöggu og snauðu fargjaldinu: eiga fyrir fargjaldinu og ekki meira en það.

eiga hönk upp í bakið á e-m: eiga kröfu á e-s konar endurgjaldi frá e-m fyrir greiða eða hjálp.

eiga óskilið mál við e-ð: vera sambærilegur við e-ð.

eiga óupplokið: eiga eftir að opna.

eigi alllítill: mikill.

eikinn: mannýgur, sem ræðst á menn.

eimyrja: glóandi aska, brunaþefur.

einatt: alltaf, oft.

einbeittlega: af einbeitni.

eindreginn: vafalaus, afdráttarlaus, ákveðinn.

einhlítur: algildur, fullnægjandi, nógur.

einkanlega: sérstaklega, einkum.

einlægt: alloft, alltaf.

einsýnt veður: öruggt veður, gott veður.

einvörðungu: aðeins, einungis.

eirrauður: koparrauður (*eir*: kopar).

eiturnaðra: eiturslanga, háskaleg kjaftatík og rógberi.

ekki er

ekki hnífur milli e-a gefandi: gera engan munn milli e-a (illra).

ekkisens: (blótsyrði) fjárans, skrambans.

ekkí: (tjáning undrunar, hneykslunar, efasemda) einmitt það.

eljurígur: keppni og óvild (milli kvenna sem sækjast eftir sama manni).

elta: hnoða, nudda.

emaléraður járndiskur: járndiskur með glerungi utan á.

embættisannir: annríki í starfi.

endemi: e-ð dæmalaust, fráleitt.

engin smáræðisgófla: e-ð mikið, stórt.

enginn bað ykkur orð til hneigja: enginn bað ykkur um að segja neitt.

enginn smáræðistöggur: enginn smáræðisdugur, mikil seigla.

erfa e-ð við e-n: vera minnugur á misgerðir, vera langrækinn.

erfð: arfur.

e-s sér hvergi/ekki stað/staðina: (bls. 67) það sést enginn árangur.

evangelísk-lútersk kirkja: kirkja sem hefur fagnaðarerindið, þ.e. kenninguna um Krist sem frelsara manna, að miðlægri kenningu. Íslensk þjóðkirkja er evangelísk-lútersk.

evangelíum: guðspjall, fagnaðarboðskapur.

existérast: vera til.

eyrarrós: íslensk plöntutegund af eyrarrósaætt, með blágrænum blöðum og stórum, bleikrauðum blómum, vex á áreyrum og í skriðum.

ég er eldri en tvævetur: vera reyndur, vera sjóaður í e-u.

ég sel ekki dýrara en ég keypti: ég segi söguna eins og ég heyrði hana en tek ekki ábyrgð á sannleiksgildi hennar.

éld: *samsláttur af* ‚ég held'.

faðmur: lengdin milli fre

faktorsfrú: eiginkona verslunarstjóra.

fala e-ð af e-m: biðja um e-ð, sækjast eftir.

fallast allur ketill í eld: missa kjarkinn, guggna.

fallvaltur: stopull, brigðull, ótraustur.

fallvaltur: stopull, brigðull, ótraustur.

falsetta: tónn sunginn (eða talaður) fyrir ofan venjulegt tónsvið raddar.

fannfergi: mikill snjór.

fantur: drykkjarílát, kanna, krús.

fara á fjörurnar við e-n: fara fram á e-ð við e-n.

fara ekki í grafgötur um e-ð: vera viss um e-ð.

fara frá Heródesi til Pílatusar: fara erindisleysu milli ýmissa aðila (Heródes og Pílatus eru nöfn fornkonunga í Palestínu).

fara í humátt á eftir e-m: fara á eftir e-m, hljóðlega (í nokkurri fjarlægð).

fara varhluta af e-u: fara á mis við e-ð.

fara yfir um: leggjast af, hætta, verða gjaldþrota.

fari það kolað: fari það til fjandans.

fari þeir nú í hurðarlaust: (fari þeir nú í hurðarlaust helvíti) fari þeir til helvítis.

farinn: hrumur, veiklaður.

farmaður: maður sem vinnur á skipi í siglingum.

fas: framkoma.

fattskoltaður: með uppbrett trýni.

fá fyrir kverkarnar: fá kökk í hálsinn, vera næstum farinn að gráta.

fá fyrir mál: fá fang fyrir mál, þ.e. fóstur hefur orðið til utan rétts tíma.

f*á rönd við reist*: veita viðnám.

fákænn: fáfróður, heimskur.

fála: gála, léttúðardrós.

fálkaður: utan við sig, bilaður á sönsum, vankaður.

fáráðlingur: kjáni, fávís maður/kona.

fáryrði: ókvæðisorð, miklar skammir.

fásénn: fáséður, sjaldgæfur.

fáskiptinn: afskiptalítill, dulur, fálátur.

fát: óðagot, ringulreið.

feimulegur: feimnislegur.

felmtraður: skelfdur, hræddur.

fernisolía: vökvi úr viðarolíum, m.a. notaður á við til að hrinda frá bleytu.

festing: himinninn með sól, tungli og stjörnum (séður frá jörð), himinhvel.

fetta: reigja, glenna.

félega: álitlega, geðslega.

fipa: trufla, rugla í ríminu.

firinmælska: mikil mælska, mikil orðfimi.

firma: verslun, fyrirtæki, félag.

firn: ósköp, býsn.

firra e-n e-u: forða e-m frá e-u.

fiska upp á hlut: taka þátt í fiskveiðum og fá sinn skerf af aflanum.

fiskreitur: stakkstæði, svæði þar sem fiskur er þurrkaður.

fiskstakkur: (salt)fiskstafli.

fisktökuskip: skip sem tekur við fiski, t.d. úr veiðiskipum eða í höfn.

fisugur: rykugur, ataður í kuski.

fígúra: skopleg, kjánaleg persóna.

fílabeinshúnn: kúlulaga toppur úr fílabeini.

fírtomma: fjögurra þumlunga langur nagli.

fítónskraftur: (fítonskraftur) heljarkraftur.

fjalaköttur: vandræði, klípa.

fjalldrapi: runni af bjarkætt, náskyldur birki en með kringlótt og mun smærri blöð; vex á Íslandi í móum og mýrum, einkum á Norðurlandi, 20–cm á hæð.

fjandann: hvern fjandann.

fjargviðri: rekistefna, fjas.

fjárburður: að bera á e-n fé, þ.e. að bjóða e-m fé fyrir e-ð.

fjósmál: gjafa- eða mjaltatími í fjósi.

fjörfiskur: (krampakenndir) vöðvakippir.

fjörga: gera fjörugri, lífga.

flagð: skessa, tröllkona, kvenvargur.

flaka: vera opinn, gapa.

flakatrúss: sá sem fötin flaka frá, gamallega klædd eða illa tilhöfð manneskja.

flaslaus: ráðsettur, gætinn.

flaslaus: ráðsettur, hægur, settlegur.

flatningshnífur: fiskihnífur.

flauelsbryddum: með flauelslíningu, -kanti.

flauelsuppslög: flauelsuppábrot.

flaumósa: sem er með óðagot í hegðun, orðræðu, ber einkenni óðagots.

flámæltur: sá sem talar þannig að nánast enginn munur er á löngu /i/ og /e/ í innstöðu orða (þá hljóma t.d. orðin *viður* og *veður* eins) og /u/ og /ö/ (t.d. *flugur* og *flögur*).

flátttskapur: fals, flærð, undirferli.

flibbi: skyrtukragi (laus eða fastur við skyrtuna).

fljúga fyrir: fréttast, kvisast, spyrjast út.

flot: bráðin tólg, fita, fitubrák.

flota upp: fljóta upp.

flottræfill: uppskafningur, spjátrungur.

flór: (hellu)gólf í fjósi eða hesthúsi, renna aftan við bása í fjósi.

flórlæri: læri með hörðnuðum skítakleprum.

flúnnelskjóll: kjóll úr flónel (efni úr bómull ýft á annað borð eða bæði).

flygildi: flugtæki gert af mannahöndum, þ.e. flugvél.

flækjast fyrir hunda og manna fótum: vera fyrir öllum, vera til ógagns.

flæsa: dálítill (skammvinnur) (hey)þurrkur.

fnasa við: blása úr nösum.

fnæsa: blása úr nösum.

foldgnár: sem gnæfir yfir fold, sem rís hátt, drottnar yfir landi.

for: aur, aurbleyta, drulla.

fordjörfun: eyðilegging, spilling.

forfæra tölur: færa inn tölur fram og aftur, skrá tölur.

forgöngumaður: brautryðjandi, forustumaður.

forhengi: tjald til að loka af skot eða klefa.

forklárаður: sveipaður dýrðarljóma, uppnuminn, endurnýjaður andlega.

forláta: ágætis-, afbragðs-.

forleginn: skemmdur (af of langri geymslu).

formaður: skipstjóri.

formerkja: verða var við, taka eftir.

forneskjulegur: forn, gamaldags.

fornspurður: (forspurður) án vitundar e-s, án þess að spyrja hann.

forsjáll: framsýnn og aðgætinn.

forsjón: forsjá æðri máttarvalda.

forsmán: svívirða, skömm.

forsóma: vanrækja, skeyta ekki um.

forsæla: skuggi.

fortakslaust: áreiðanlega, skilyrðislaust.

fortölur: það að telja um fyrir e-m, reyna að sannfæra e-n.

forynja: draugur, ófreskja

fótmál: skref.

fram að: næstum því.

framknúður: knúinn fram, ýtt fram.

framleiða: (bls. 264) skapa, láta verða að veruleika.

framseta: útstæður magi.

fransósa: sárasótt (kynsjúkdómur).

frauka: ungfrú, fröken (niðrandi).

freðandlit: andlit hert af frosti (sbr. hvernig Júkka er líkt við freðfisk á bls. 175).

freðfiskur: frystur fiskur, fiskur hertur að vetrarlagi (við frost).

freigáta: fremur lítið herskip.

fremd: frami, vegsauki.

friðill: elskhugi.

friðkaupa: kaupa sig í sátt við e-n.

frilla: (yfirleitt niðrandi) ástkona kvænts manns, hjákona.

frílega: rúmlega.

fríþenkjari: fríhyggjumaður, skynsemistrúarmaður.

frolla: ljót húfa.

frukt: auðmjúkleg hneiging, lotningartilburðir.

frúkostur: morgunverður.

frýsa: fnæsa, blása úr nösum.

frægðarstrik: verk sem maður ætti að vera frægur fyrir.

frægeldingur: illa gelt karldýr eða gelt aðeins á öðru eista, laungratt dýr.

fuglagras: íslensk plöntutegund af ertublómaætt, með litlum bláum blómum í löngum klösum og fjöðruðum blöðum með vafþráðum á endunum, vex í graslendi og víðar, umfeðmingur.

fullhnúa: (fulhnúa) handfjatla.

fulltingi: aðstoð, liðveisla.

fulltingja: aðstoða, hjálpa.

fuma: fálma, pata; æðibunast.

funa upp: fuðra upp, vera leiftrandi.

fundáta: fikta, dunda.

fúabrak: fúið spýtnabrak, rusl.

fylkingarbrjóst: fararbroddur, fremsta víglína.

fyrirbjóða: harðbanna.

fyrirbjóða: harðbanna.

fyrirfara: drepa.

fyrirgangur: hamagangur, læti.

fyrirmunun: (bls. 148) ólán, slysni; öfund; synjun.

fyrnd: löngu liðinn tími.

fyrrað þar áður: árið fyrir hitteðfyrra, þ.e. fyrir þremur árum.

fyrtingar: móðganir.

fyssa: fossa, byltast, streyma freyðandi.

föggur: farangur.

fögur fræði: fagurfræði, listfræði, skáldskaparfræði.

fölskvalaus: einlægur, falslaus.

föng: heyföng, heybirgðir.

föngulegur: myndarlegur, glæsilegur á velli.

fönn: snjór, skafl.

gadda: frjósa.

gaddur: (bls. 49) kuldi.

gaflhlað: efsti hluti húsgafls.

gagnfræðingur: sá sem lokið hefur gagnfræðaprófi.

gagnkunnugur: mjög vel kunnugur, þaulkunnugur.

gagnverkun: víxláhrif.

gagur: brattur.

galant: riddaralega, tígulega (sbr. enska orðið *gallant*).

Galatabréf: bréf Páls postula til Galatamanna, eitt af Pálsbréfunum í Nýja testamentinu.

galías: tvímastrað, breitt seglskip með hárri framsiglu og lægri aftursiglu, messansiglu.

gamalær: elliær.

ganga að: innheimta, rukka.

ganga á bí við e-ð: skeyta ekki um, taka ekki tillit til e-s.

ganga á snið við e-n: sniðganga e-n, sneiða hjá e-m.

ganga e-s ekki dulinn: vita e-ð.

ganga í liðugra lagi: ganga í léttara lagi, ganga í gríð og erg; (bls. 355) *pústrarnir gengu í liðugra lagi*: höggin gengu í gríð og erg, þeir slógust af ákafa.

ganga um beina: þjóna til borðs.

ganga vel (illa) undan: vera í góðu (slæmu) ástandi eftir vetrarfóðrun.

gangmál: tíminn þegar ær (kýr, hryssa, gylta ...) verður viljug til eðlunar.

gangur: fyrirgangur, læti.

gapastokkur: sérstakt refsitæki, mismunandi að gerð, t.d. stokkar með gróp felldir saman utan um háls (hendur, fætur) sakamanns og hann látinn standa þannig við kirkjudyr á messudegi til viðvörunar öðrum, hálsjárn.

gaphús: stórt op á e-u, gímald.

garður: stormhviða, roka. „Það er garður í honum“ vísar til þess að það séu vindhviður.

gaska: státa, gorta.

gast: (þt. af so. *getast*) geðjast að.

gauðslitinn: snjáður.

gaupnir: hendur, lófar, lúkur.

Gátama Búddha: sá nefndur er stofnandi búddismans og trúin er kennd við hét Siddharta Gátama (á sanskrít). Hann hlaut seinna tignarnafnið Búdda sem þýðir „hinn upplýsti“.

gegna fé: hirða búfé.

gegningar: fjárhirðing, fjósaverk, skepnuhirðing.

geipilegur: mjög mikill, risastór.

geisa: ólmast, missa stjórn á sér.

gella: gjalla, hljóma hvellt.

generáll: hershöfðingi.

gera að: gera að afla, slægja, hreinsa innyfli úr fiski.

gera aðsúg að: gera at í, ráðast að, veitast að.

gera út um: útkljá, skera úr um.

gerð: eðli, formgerð.

gerhugsa: hugsa til botns, þrauthugsa.

gerræði: einræði, valdníðsla.

gervilegur: myndarlegur, hraustlegur og vænn yfirlitum.

geta járnhattað tvö hundruð potta anker: geta lyft tvö hundruð lítra tunnu yfir höfuð sér.

gikkur: oflátungur, heimskingi.

gisinn: óþéttur, lekur.

gisnaður: gisinn, óþéttur.

gjalda e-m rauðan belg fyrir gráan: hefna sín rækilega á e-m.

gjalda varhuga við e-u: gæta sín á e-u.

glaðklakkalegur: (glaðhlakkalegur, glaðkampalegur) brosleitur (hreykinn) og íbygginn á svip.

gleidd: ofsakæti, mont.

glerhákarl: gulleitur verkaður hákarl, þéttur í sér.

glingra: daðra.

glímuskjálfti: hrollur í glímumönnum áður en kappglíma hefst, hrollur á undan miklum átökum.

gloppur: op, göt.

glósur: þvaður, skens, dylgjur.

glussi: frostlögur, glusserínspíritus (vímugjafi).

glúffa: skammir; e-ð mikið, hrúga.

glúpna: mýkjast, láta undan, vikna.

glytta: glitra.

glýjuskratti: þoka eða daufur þerrir.

glæframaður: fífldjarfur maður, brallari, braskari.

glænepjast: vera illa klæddur í kulda.

glæstur: glæsilegur, skínandi.

gneypur: niðurlútur, dapur.

goðumlíkur: líkur guðunum, fagur.

golgrænn: sægrænn, gulgrænn.

gormánuður: fyrsti mánuður vetrar skv. gömlu íslensku tímatali, hefst fyrsta vetrardag, á bilinu 21.–28. október.

gossa: láta e-ð flakka, falla.

gota: hrogn.

gota: hrogn.

góðin: góðan, heillin (í vinsemd).

gólfhroði: rusl, úrgangur á gólfi.

gómur: fingurgómur.

gósenland: land þar sem menn búa við allsnægtir.

graðneyti: tarfur, ógelt naut.

graftarveiki: einhvers konar sýking, sjá lýsingu á bls. 180.

grallaralaus: steinhissa, grunlaus.

grasgarðsganga: vísar til þess þegar Jesús og lærisveinarnir stoppuðu í ólífugarðinum Getsemane til að biðjast fyrir áður en Jesús var handtekinn. Jesús var hræddur því hann vissi hvað var í vændum en engill birtist honum og veitti honum styrk.

grámata í e-ð: glitta í e-ð.

grátstafur: gráthljóð.

gráyrjóttur: með gráum dílum.

greiðapar: greiði.

grenjaskytta: tófuskytta, refaskytta.

grennlulegur: renglulegur

greyptur: umlukinn, settur í umgerð.

griffill: sérstakt áhald til að skrifa með (rispa) með á spjald.

grind: húsgrind; stoðir, sperrur og þvílíkt sem heldur uppi húsi.

gripdeildir: fjársvik, rán.

gríð: ákafi, ofsi, ærsl.

grjúpán: bjúga.

gróandi: gróðratími, vor.

gróp: skora, rauf, hurðarfals.

grósséri: (grósseri) stórkaupmaður, ríkisbubbi, auðkýfingur.

grúskari: fróðleiksmaður.

grútur: lýsi.

gröftur upp úr gröf: bein (eða aðrar líkamsleifar) sem koma upp þegar grafið er upp úr gröf (í kirkjugarði).

grön: svæðið í kringum nasirnar.

guðlasta: óvirða guð.

guðníðingur: guðlastari, guðsafneitari.

guðspjallasnakkur: háðsyrði um trúboða eða þann sem talar um guðspjöll.

guðsþakkarverk: miskunnarverk, gustukaverk.

gullhólkur: (stutt) sívöl pípa úr gulli.

gustuk: guðsþökk, miskunn, miskunnarverk.

gustukaskyn: af meðaumkun.

gylling: ýkjufullar lýsingar, glæstar vonir, hér notað um hljóðin í tilhugalífi æðarfugla.

gýligjafir: gjafir til að tæla þiggjandann.

gæftaleysi: ógæftir, veðrátta sem hamlar fiskveiðum.

gösl: bleyta, busl, skítverk.

Habakúk: (Habakkuk) spádómsbók Habakkuks er ein af styttri spádómsbókum Gamla testamentisins. Ritið er kennt við samnefndan spámann sem var við musterið í Jerúsalem um 600 f.Kr. þegar veldi Babýlóníumanna efldist en veldi Assýringa þvarr.

hafa á klæðum: hafa blæðingar.

hafa á takteinum: hafa á hraðbergi, hafa til reiðu, hafa tiltækt.

hafa ávæning af e-u: heyra orðróm um e-ð.

hafa betur upp úr sér: hafa betri afkomu.

hafa beyg af e-m: vera hræddur við e-ð.

hafa e-ð í flimtingum: dylgja um, skopast að.

hafa ekki einurð á e-u: hafa ekki dug í sér til e-s.

hafa í öllum járnum við e-n: halda fyllilega til jafns við e-n, ráða við e-n.

hafa ímugust á e-m: hafa andúð, illan bifur á e-m.

hafa stillst: róast.

hafa til hnífs og skeiðar: eiga brýnustu lífsnauðsynjar.

hafa tögl og hagldir: stjórna eða hafa taumhald á e-u.

hafa öðrum hnöppum að hneppa: hafa annað að gera.

hafast við: dvelja.

hafátt: vindátt af hafi, álandsvindur.

haframélsglyrna: ögn af haframjöli.

hagldabrauð: kringla.

hamur: mynd, gervi.

handalögmál: áflog, slagsmál.

handarvik: viðvik, smávinna.

handlanga: láta ganga frá hönd til handar, rétta.

hangdi: (þt. af so. hanga) hékk.

harðvítugur: óhlífinn, harðskeyttur.

harmþrunginn: dapur, hryggur.

harpa: fyrsti sumarmánuður skv. gömlu íslensku tímatali, hefst sumardaginn fyrsta, þ.e. á bilinu 19. til 25. apríl.

Harún Alraskíð: (Harún al-Rasjíd) sögupersóna í *Þúsund og einni nótt*.

hatrammlegur: skelfilegur, fráleitur, hastarlegur.

há: gras sem vex aftur á sleginni jörð samsumars.

hálfdragast á: gefa hálfpartinn vilyrði fyrir e-u.

hálfgildings: hálfgerður.

hálslín: flibbi, skyrtukragi.

hátta: (riháttarafbrigði af ‚háttur') hegðun, atferli.

háttbundinn: með reglulegum bilum, taktfastur, reglulegur.

hegla: koma haglél.

heiðindómur: heiðni.

heiftúðugur: hatursfullur, hefnigjarn.

heimaalinn: alinn heima, notað um reynsluleysi.

heimaríkur rakki: hundur sem áreitir gesti.

heitfengur: ókulvís, (bls. 312) ákafur, ástríðufullur.

Heljarslóðarorusta: gamansaga eftir Benedikt Gröndal í fornaldarsagnastíl um orrustuna við Solferino 1859.

henda reiður á: skilja.

henda ungbörn á spjótsoddum: stinga ungbörn með spjótum (vísar í frásögn í Landnámu af Ölvi barnakarli sem svo var kallaður þar sem hann vildi ekki henda börn á spjótsoddum sem annars tíðkaðist meðal víkinga).

hengiflug: hár staður, snarbrattur; slútandi berg.

hengilmæna: mjór og slyttislegur maður eða skepna, verkasmár maður.

herbergiskytra: lítið herbergi.

herma: hafa eftir, segja frá.

Heróp: tímarit sem gefið er út af Hjálpræðishernum.

heykuml: heystæða.

heyr á endemi: meiri vitleysan, ja hérna!

heyra e-u fleygt: heyra orðróm um e-ð, hafa ávæning af e-u.

heyrinkunnugur: alkunnur.

heytóft: þaklaus tóft sem hey er geymt í, heystæða.

heyugur: ataður í heyi.

hégómaskraf: hégómatal, tal um einskisverð málefni.

hér liggur fiskur undir steini: hér býr e-ð undir, hér er falið markmið að baki.

hilla undir: sjást (óljóst) í fjarska.

himinninn er kakkþykkur eins og ketilbotn: himinninn er þykkur (og svartur) eins og botn á katli.

hin sæla skreiðarlest næturinnar: hrotunum er líkt við skreiðarlest að næturlagi, þ.e. flutning á harðfiski.

hissa sig upp í herðunum: (hysja sig upp í herðunum) rétta úr sér (so. *hissa* merkir að lyfta).

hitteðfyrra: (hittifyrra) árið fyrir síðasta ár, þ.e. fyrir tveimur árum.

hitteðfyrra: (hittifyrra) árið fyrir síðasta ár, þ.e. fyrir tveimur árum.

hjallur: gisið byrgi notað til að þurrka e-ð, s.s. fisk.

hjara: draga fram lífið, tóra.

hjartnæmur: áhrifamikill, sætur.

hjákátlegur: broslegur, kynlegur.

hjálpræðislautinant: liðsmaður í Hjálpræðishernum.

hjárænulegur: sauðarlegur, heimskulegur.

hjólfættur: hjólbeinóttur.

hlaunagleiður: montinn, kampakátur.

hlaupa með e-n í gönur: afvegaleiða e-n.

hlaupa undir bagga með e-m: rétta hjálparhönd, aðstoða, bjarga.

hlessa: hissa.

hljómkviða: sinfónía.

hlummur: handfang á ár.

hlutgengur: liðtækur, fullgildur.

hluttekning: samúð með öðrum í sorg eða (öðrum) bágindum.

hlykkjast niður: liðast niður.

hlynna að: annast um, glæða.

hnakkakerrtur: með afturreigt höfuð.

hnappur: þétt þyrping.

hneisa: smán, svívirða.

hnita hringa: fara í hringi.

hnjóskar: ójöfnur.

hnyttinn: orðheppinn, fyndinn.

hofferð: skrúðfylking, skrautreið.

holhönd: holrúm milli upphandleggs og síðu, handarkriki.

horn: hrörlegt bátkríli.

horngrýti: (fremur vægt blótsyrði) víti, helvíti.

horskur: vitur, hygginn eða góður, drengilegur.

hortittur: meiningarlítið eða smekklaust orð (orðasamband) í kveðskap.

Hólmfastur bóndi: bóndi á Vatnleysuströnd sem á tímum einokunarverslunar var hýddur fyrir að hafa verslað við annan kaupmann en þann sem hann átti lögum samkvæmt að versla við.

hraglandalegur: kuldalegur.

hrak: erfiðleikar.

hranna loft: þegar skýjabólstrar myndast í lofti, hlaðast upp.

hrapallega: illa, hryllilega, ofboðslega.

hráslaglegur: rakur og svalur.

hreifur í máli: tala mikið og af kæti.

hreistur: þunnar (skaraðar) beinflögur á roði fiska og á húð fleiri dýra.

hrekjast: blikna, fölna, gulna.

hreysikattarskinn: skinn af litlum mjóvöxnum rándýrum af marðarætt.

hrikta: marra, braka, gjögta.

hrína á e-m: hafa áhrif á e-n, bíta á e-n.

hrína: skæla.

hrís: vöndur úr viðarkvistum notaður til flenginga.

hríslingur: hrollur.

hrjósa hugur við e-u: fyllast óhug vegna e-s, óttast e-ð.

hrjósa hugur við e-u: fyllast óhug við e-u, óttast e-ð.

hrokbullandi skammir: roknaskammir.

hryðja: steypiskúr, snögg snjóhríð, mikið él (oft með stormi).

hryggðarmynd: vesaldarleg manneskja.

hrygla: hóstasnörl, korr, sog.

hræmulega: hörmulega, afleitlega.

hræra: hreyfa.

hræranlegur: hreyfanlegur, breytanlegur (ekki nokkur skapaður hræranlegur hlutur: alls ekki neitt).

hræring: hreyfing.

hrævareldur: villuljós, mýrarljós. Ljós eða glampi sem sést í mýrum og móum, myndast af útstreymi rafmagns eða bruna mýragass. Í nokkrum íslenskum þjóðsögum segir að hrævareldur sé eldglæringar frá draugum.

hrörnaður: illa farinn, hnignaður.

hugarangur: angur, áhyggja, harmur.

hugglaður: hug-glaður, glaður í huga.

hugkvæmur: sem hefur fjörugt ímyndunarafl, hugvitssamur.

hugnæmur: áhrifamikill, hugljúfur, e-ð sem veldur þægilegum geðhrifum.

hugreifur: glaðlyndur.

hundslappadrífa: mikil og stórflygsótt snjókoma í logni, skæðadrífa.

hundtyrki: þrjótur, þorpari (niðrandi orð um tyrkneskan (múslímskan) mann).

húðarjálkur: latur, kraftlítill eða magur hestur.

húðarklár: latur, kraftlítill eða magur hestur.

húðarselur: þorpari, fantur.

húðstrýkja: flengja, hýða.

húmbúkk: hégómi.

hvatskeytlega: með framhleypni.

hveitilúka: handfylli af hveiti, smávegis af hveiti.

hver eftir sínu litla pundi: hver og einn gerir eins og hann getur og hefur hæfileika til.

hverfa að því ráði: ákveða.

hversdagsdráttur: hversdagssvipur.

hvert pút og plagg: allt saman, hver ögn.

hvirfilpunktur: sá punktur himinhvolfsins sem er lóðrétt fyrir ofan athugunarstaðinn (90° frá sjóndeildarhringnum í allar áttir)

hvumsa: agndofa, forviða, orðlaus.

hyskinn: svikull við verk, latur.

hægur nærri: hægur vandi, auðvelt.

hæna: laða að, lokka.

hæra: grátt eða hvítt hár.

hærast: grána um hárið.

hæstaréttarmálflutningsmaður: hæstaréttarlögmaður.

hæstmóðins: samkvæmt nýjustu tísku.

hættutími: tími til að hætta, lok vinnutíma.

hæverska: kurteisi, prúðmennska, yfirlætisleysi.

höfuðfat: flík til að hafa á höfði, hattur eða húfa.

höfuðlöstur: aðallöstur, dauðasynd.

höfuðsitja: hafa nákvæma gæslu á e-m, gæta vandlega.

höfuðvatnslykt: ilmvatnslykt.

höggstokkur: fjöl sem höfð er undir þegar höggvið er (höfuð).

höggva eftir: ráða í e-ð, veita e-u athygli.

höndla: versla.

illibinú: hananú, það er nefnilega það.

Immanúel Kant: prússneskur heimspekingur, gjarnan talinn síðasti merki heimspek-ingur upplýsingartímabilsins.

impra: minnast á, nefna (lauslega).

indæll: notalegur, þægilegur.

inna af hendi: vinna, gera, framkvæma.

innbyrða: draga um borð (í bát eða skip).

innfjálgleikur: ákafi.

innskrift: ávísun á vörur út í reikning.

inntak: innihald.

í blóra við e-n: án vitundar e-s, gegn vilja e-s.

í einni svitastorku: vera svitastorkinn, vera löðrandi í svita.

í síðustu lög: í seinasta lagi, þ.e. rétt áður en hann var kominn í burtu.

í svipinn: einmitt núna.

íbjúgur: innsveigður, íboginn.

ídí: hugmynd.

ígla: (igla) flokkur liðorma sem lifa í sjó og ferskvatni eða rökum jarðvegi og sjúga blóð úr stærri dýrum, blóðsuga.

ílit: útlit (*vera vel ílits*: líta vel út).

ísaumur: útsaumur.

íshús: frystihús.

ístöðulítill: hverflyndur, óstaðfastur.

ívitna: vitna í e-n eða e-ð.

jafn nær: jafn skjótt, strax.

jafna gúlana: jafna um e-n, hefna sín á e-m.

jagast: deila, nöldra, rífast.

jakobsfífill: íslensk plöntutegund með hvítum (bleikum) blómkörfum, gulum í miðju, á uppréttum, hærðum stönglum.

jarðarávöxtur: rótaraldin ýmiss konar, uppskera.

jarðbrjótur: jarðvinnsluvél, þúfnabani (dráttarvél).

jarganlegur fyrirburður: leiðinlegur atburður.

jarphærður: með rauðbrúnt hár.

jarpur: rauðbrúnn.

Jeremías minn: upphrópun. Nafnið Jeremías er sótt til Biblíunnar, er hebreskt að uppruna og þýðir „guð mun launa“ eða „guð mun upphefja“. Jeremía var einn af aðalspámönnum Gamla testamentisins.

jódynur: hófadynur (*jór*: hestur).

jóðsótt: fæðingahríðir, *fjallið tekur jóðsótt* (og það fæðist lítil mús): hátt er reitt til höggs (en lítið verður úr).

jólbæra kýr: kýr sem á burðartíma um jól.

Jón Sigurðsson: f. 1811, d. 1879, helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld.

júferta: gildvaxinn, fyrirferðarmikill kvenmaður.

júferta: trjábolur, gildur viðardrumbur.

jötunefldur: jötunsterkur, mjög sterkur.

kabyssa: lítil eldavél (í skipi).

kadett: lágt settur meðlimur í Hjálpræðishernum.

kafaldsbloti: slydda (*kafald*: snjókoma).

kaffistjarna: kaffidreitill.

kaffivatnsleki: kaffidreitill, kaffitár, lítið af kaffi.

kafteinn: hátt settur meðlimur í Hjálpræðishernum.

kagbættur: mikið bættur, viðgerður (mikið viðgerð flík).

kakkþykkur: hnausþykkur.

kaldavermsl: uppspretta með stöðugu jöfnu hitastigi vetur og sumar.

kaldhamra: semja e-ð af (kaldri) skynsemi og kunnáttu fremur en (heitum) tilfinningum og andagift.

kaldranalegur: kuldalegur, fráhrindandi, óvinsamlegur.

kaleikur: bikar hafður undir vín við altarisgöngu (*bægja kaleik frá e-m*: hlífa e-m við e-u).

kalinn: frostskemmdur (með skemmdan líkamsvef af völdum frosts).

kalóna: hreinsa vambir við sláturgerð með leskjuðu (brenndu og vatnsblönduðu) kalki og sjóðheitu vatni.

Kalypsó: gyðja (nýmfa) sem í grískum sögnum hélt Ódysseifi hjá sér í sjö ár er hann var á heimleið úr Trójustríðinu.

kambgarn: band spunnið úr ull sem áður sem áður hefur verið kembd, teygð og kömbuð þannig að aðeins eru eftir í henni löng, slétt samhliða ullarhár.

kames: smáherbergi.

Kanaan: fyrirheitna landið sem guð hét Abraham og afkomendum hans, síðar nefnt Palestína.

kanifix: smart yfirlitum, snoppufríður (*kani*: trýni, trantur; *fix*: smart).

kankvíslegur: glettnislegur, kímileitur.

kanselí: stjórnarráðsskrifstofa sem annaðist dagleg stjórnarstörf í Danaveldi (og öðrum Evrópuríkjum).

karlægur: sem liggur í kör (rúmfastur), ellihrumur.

karskur: sterkur, karlmannlegur.

kartinn: ötull, röskur, dálítið rogginn og sprækur.

kassahróf: lélegur kassi.

kasta rekunum á e-n: standa yfir moldum e-s, vera við jarðarför e-s.

kastarhola: skaftpottur.

kaupa út í hönd: staðgreiða.

kaupunautur: sá sem viðskipti eru átt við, viðskiptamaður.

káeta: vistarvera skipshafnar, einkum yfirmanna.

kálfshár og fífa: e-ð lítilsvert; urgur, ósætti.

kássast upp á annarra manna jússur: blanda sér í annarra manna málefni; (hér í bókstaflegri merkingu, *jússa*: feitur kvenmaður).

keimur: (dauft) bragð.

kelta: kjalta, fang.

kenjar: duttlungar, sérviska.

kennd: tilfinning.

kenndur: drukkinn, fullur.

kerlingareldur: físisveppur, hvítur og mjúkur þegar hann er ungur, dökknar og þornar þegar hann eldist, gorkúla, merarostur.

keytusvipur: svipur sem hundar setja upp þegar þeir pissa.

kindarlegur: skömmustulegur, vandræðalegur.

kinnfiskasoginn: með innfallnar kinnar, magur á vangann.

kinnungur: skipshlið, bógur á skipi.

kirtlaveiki: berklar í hálseitlum.

kjótla: smáflytja, flytja í smáskömmtum.

kjöldraga: refsa e-m (draga e-n undir kjöl á skipi í refsingarskyni).

kjölur: neðsti hluti báts- eða skipsskrokks sem ristir að jafnaði dýpst.

kjörgripur: góður, dýrmætur gripur, kostagripur.

kláðagemlingur: (bls. 102) sóði, skítugt barn; *gemlingur*: veturgömul kind, kind á fyrsta ári; *kláði*: fjárkláði; skæður sauðfjársjúkdómur.

kláðamálið: fjárkláði er skæður sauðfjársjúkdómur, í fjárkláðamálinu síðara, sem svo er nefnt (1855–77) urðu harðvítugar deilur á milli þeirra sem vildu skera niður fé og þeirra sem vildu lækna sjúkdóminn og töfðu deilurnar fyrir útrýmingu sjúkdómsins.

klinka: hurðarloka (af sérstakri gerð).

klofbragð: tiltekið bragð í glímu, hnénu brugðið á innanvert læri andstæðings og honum lyft.

klór: klandur, baks.

kljóra: krota, skrifa.

klósigi: blikubönd sem greinast frá einni rót neðarlega í lofti og liggja þaðan yfir þveran himin, skýjaslæður.

klukka: undirpils/-kjóll.

klumbur: klumpur, kökkur.

klussa: senda, láta fara, þeyta.

klúka: húka.

klæðisplagg: flík.

knosa: mala, brjóta í smátt, gersigra.

knúður: (knúinn) tilneyddur.

knæpa: krá, veitingastaður (sem hefur illt orð á sér).

kogari: brennsluspritt (vímugjafi).

kokkhús: eldhús (dönskusletta).

kolla: dallur, (bls. 423) lítill og lélegur bátur.

kolleki: (kollegi) starfsfélagi, embættisbróðir.

koma flugu í munn e-s: hafa áhrif á e-n, koma inn hugmynd hjá e-m.

koma upp úr dúrnum: koma í ljós.

koma vel ásamt: koma vel saman.

komast út úr húsi: falla í ónáð.

kommissar: ráðherra í sovéskri ríkisstjórn eða fulltrúi sovésks kommúnistaflokks sem á að veita pólitíska fræðslu og efla flokkshollustu í hernum og fleiri stofnunum.

konsúlsekkja: ræðismannsekkja (*konsúll*: embættismaður sem er fulltrúi erlends ríkis og gætir hagsmuna þess).

kontór: skrifstofa, stjórnstöð.

kopa: fara aftur, hnigna.

korpaður: hrukkóttur.

kot: (bls. 425) lítið og fátæklegt hús.

kot: nærbolur.

kópi: kópur, ungur selur

kraðak: fjöldi e-s, mergð.

kramarhús: pappír sem er vafinn upp eins og poki sem mjókkar niður, oftast notað til að geyma í sælgæti eða smávöru.

kramvara: vefnaðarvara.

kraparumba: krapariging, slydda.

krapi: krap, bleyta.

krappur: knappur, skarpur.

krákustígur: bugðótt gata, hlykkjótt leið.

kredda: e-ð sem menn trúa í blindni, bíta í sig, geta ekki slitið sig frá, heimskuleg skoðun, bókstafstrú.

kreólín: upplausn tjöruolíu í harpixolíu, notuð sem sóttvarnarefni.

krepja: krepjuhríð, slyddubylur.

kringilklobba: hjólbeinóttur.

Krishnamurti: indversk heimspeki kennd við Jiddu Krishnamurti.

kríkavisinn: með grönn læri, útlimagrannur.

krít: innskrift, að fá eitthvað út í reikning með gjaldfresti.

krossatossar: tossi er tornæm manneskja eða heimskingi, hér er líklega átt við trúaða heimskingja.

krossmessa: krossmessa að vori: 3. maí (kross Krists fundinn um árið 320). Krossmessa að hausti: 14. september (kross Krists endurheimtur úr höndum heiðingja).

króa: umkringja, inniloka.

kruklaður: krumpaður.

krunka: króna.

krúna: skalli, rakaður blettur í hvirfli.

kröggur: erfiðleikar, klípa, (fjárhags)vandræði.

kröm: (bls. 497) eymd.

kuldapollur: frostbólgusár (á höndum og fótum).

kunna að snúa sinni snældu: hafa vit á að sjá hag sínum borgið, haga seglum eftir vindi.

kúlda niður: hola niður, kúldra.

kúskaður: leikinn illa, ávítaður.

kúsúnga: reka e-m kinnhest, slá e-n utan undir.

kútmagi: þorskmagi fylltur af kryddaðri blöndu af lifur og (rúg)mjöli, soðinn og stundum steiktur.

kvað: (óp. so. *kveða* í þt.) (bls. 239) svo er sagt, e-ð ku vera.

kvartil: lítil tunna.

kvartilaskifti: (kvartilaskipti) regluleg breyting á ásýnd tunglsins eða reikistjarnanna Venusar og Merkúrs, stafar af breytilegri afstöðu þeirra miðað við sól og jörðu.

kveða upp úr: koma með afdráttarlausa ályktun (úrskurð) í deilumáli.

kveif: lingerður maður, skræfa.

kvensnift: niðrandi orð um konu.

kvensterkur: sá sem hefur afl á við kvenmann.

kvika: undiralda.

kvöldskattur: kvöldverður eða aukamáltíð að kvöldi.

kyndararúm: vélarrúm, þar sem kynt er undir kötlum í skipi.

kyngja andvörpum sínum: gráta í hljóði.

kynlegur kvistur: skrýtin manneskja, furðufugl.

kýklópar: eineygðir risar í grískri goðafræði.

kæringarlaus: kæruleysislegur.
dræmt: treglega.

laga: blanda.

lagboði: braglína eða upphaf hennar (oftast fyrsta línan) framan við sálm (eða annan söngtexta) sem vísar í lagið sem hann skal sunginn við.

lambagras: íslensk plöntutegund af hjartagrasætt, myndar litlar, ávalar þúfur, alsettar bleikum blómum, vex á melum og víðar.

lamma: labba, ganga hægt.

landalda: alda sem fellur upp á strönd.

landmaður: maður sem starfar í landi (ekki á sjó), maður sem vinnur að afla (út-gerðarstörfum) í landi.

landráðafélag: félag þar sem stunduð eru föðurlandssvik.

landsómagi: þurfalingur, sá sem er landinu til ógagns.

langafasta: fasta í sjö vikur fyrir páska.

latínuskólaræfill: e-r sem gengið hefur í latínuskólann, Menntaskólinn í Reykjavík.

launung: leynd, það að halda e-u leyndu.

launungarmál: leyndarmál.

lausaleiksbarn: barn sem getið er í lausaleik, þ.e. utan hjónabands.

lautinant, ensignar, sergentmajór: stöðuheiti innan Hjálpræðishersins (ekki öll í notkun nú).

lá: ásaka, ámæla.

láta dæluna ganga: tala mikið, láta móðan mása.

láta ekki mikið yfir e-u: gorta ekki, halda ekki á lofti, hælast ekki um.

láta greipar sópa: hrifsa e-ð til sín, fara ránshendi um e-ð.

láta í té: veita, afhenda.

láta kné fylgja kviði: fylgja sigrinum eftir.

láta skipast: láta stillast, róast.

láta staðar numið: stoppa.

láta undir höfuð leggjast: láta dragast (úr hömlu), láta hjá líða.

látúnskrókar: krókar eða festingar úr messing (til að reima saman stígvél).

lega: kyrrt svæði á sjó milli brimgarðs og lands.

legging: kögur, pífa, band, borði.

leggja á og mæla um: (vísun í íslenska þjóðtrú) kveða á um með kynngiorðum, beita álögum.

leggja dúk undir kvarða: að mæla vefnaðarvöru.

leggja e-ð fyrir óðal: afnema, láta fara til spillis, lóga.

leggja kollhúfur: halla undir flatt, horfa niður, vera lúpulegur.

leggja snörur fyrir e-n: leggja gildrur fyrir e-n, beita e-n brögðum.

leiðsla: dáhrif, sjálfsgleymska.

leika ekki á tveim tungum: það er ekki vafamál

leira: svæði hulið leireðju, (leirborið) svæði þar sem vatn flýtur yfir annað slagið.

leirburður: lélegur skáldskapur.

leirskáldskapur: lélegur skáldskapur.

leiti: hæð (sem ber við sjónarhring).

lenda: koma (bát) að landi.

lendafrekur: breiður um mjaðmir.

lesinn: fróður.

leysa e-n úr viðjum: leysa e-n úr böndum, frelsa e-n.

léður: (lh.þt. af so. *ljá*) lánaður

léreftsdula: tuska eða bleðill úr líni (hör).

liðleskja: lélegur verkmaður, ónytjungur.

liðléttingur: sá sem er ekki fullfær til vinnu, lélegur verkmaður.

lifraður kútmagi: hreinsaður fiskmagi fylltur með lifur (og stundum einnig rúgmjöli) og soðinn.

litaskipti: litbreyting, svipbrigði.

lithverfur: sem skiptir litum eftir því hvaðan er horft.

litkaður: litaður.

litlaus: dauflegur, sviplítill.

líffæralegur munur: munur á líffærum, (bls. 136) munur á kynfærum.

líkamskröm: líkamlegur sjúkdómur, eymd.

líkna: hjálpa, lina þjáningar.

línubátamaður: sjómaður á vélbát sem veiðir á lóð (lóðarlínu, fiskilínu).

lítilmagni: sá sem er veikburða, sá sem má sín lítils, er lítils megnugur.

ljá e-u óhljóðseyru: hlusta ekki á e-ð.

ljóðið kom upp í honum: hann gerðist ljóðrænn.

ljóðmæli: kvæði, ljóðasafn.

ljósmeti: efni sem ljós nærist á, t.d. lýsi eða tólg.

ljósta upp ópi: hrópa.

ljúka upp einum munni: vera sammála um e-ð.

lofast: lofa.

loftskör: stigaopsbrún.

lognalda: undiralda (í logni).

lognsær: lygn sjór.

lonníettur: nefgleraugu.

lopast upp: liðast upp (þannig að minnir á lopaband).

ló: (bls. 524) hið loðna yfirborð kjólsins.

lómikill: loðinn.

lubbatrússast: (háðsyrði) vera ósmekklega til fara.

lumpinn: lasinn, magnlítill.

luralegur: klunnalegur.

lúður: slitinn, snjáður, velktur.

lúkar: káeta, hásetaklefi.

lúpulegur: skömmustulegur.

lúsalegur: (lúsarlegur) nískulegur, nánasarlegur.

lydda: hugleysingi, vesalmenni.

lyfjagras: íslensk plöntutegund af blöðrujurtaætt, lágvaxin með fjólubláum blómum stökum á stöngulendum og blöðum í hvirfingu við jörð, vex í raklendi og móum.

lyppast: liðast, hlykkjast.

lýðskrumararæða: *lýðskrumari*: e-r (t.d. stjórnmálamaður) sem tekur einungis afstöðu eftir því hvernig vindur blæs meðal almennings eða höfðar til lægstu hvata almennings (kjósenda). Lýðskrumararæða er þá ræða þannig einstaklings.

lögg: dreitill, dropi.

maður gengur undir manns hönd: menn leggjast á eitt, hjálpast að.

maður hnígur til síns uppruna: maður leitar aftur í uppruna sinn.

maka krókinn: hafa ávinning af e-u, græða.

makarín: smjörlíki.

makleg málagjöld: verðskulduð refsing.

makt: vald (*makt myrkranna* merkir þá ‚myrkraöflin').

mammon: guð peninga og ágirndar.

mandólín: strengjahljóðfæri.

mannasetning: samþykkt, regla eða ákvörðun manna sem styðst ekki við vilja guðs, túlkun manna á guðs orði.

mannbær: (um stúlku) kynþroska.

manneskjulag: mannsmynd, þ.e. kjör fólks voru svo slæm að það átti erfitt með að lifa eins og siðaðar manneskjur.

mannheldur: sem getur haldið (uppi) manni, traustur.

mannlund: mannúð, göfuglyndi.

mannræna: dugur, manndáð.

mannskapur: (bls. 478) afl, kraftur.

mannýgur: notað yfir dýr sem ræðst á menn.

marsúki: (marsúrki) dans í þrískiptum takti.

maskína: eldavél.

matvinnungur: sá sem fær ekki annað kaup en fæðið.

maurapúki: nirfill, nískur maður.

málbeinið á e-m er uppi: e-r er ræðinn, talar mikið.

málgagn: blað, tímarit.

málnyt: samanlögð mjólk mjólkandi kúa (og áa) í eitt mál á bæ, (bls. 245) mjólkin úr kúnni.

með aðfærsluminnsta móti: með kraftminnsta móti, með kraftlitlum hætti.

meðalskussi: meðalaumingi.

meginþættur: tröllaukinn (*megin*: afl, máttur; *þættur*: ofinn, snúinn (þáttur: þráður)).

megn: sterkur, beiskur, rammur.

meiður: tré.

meinloka: röng hugmynd, þráhyggja.

meis: heylaupur, rimlakassi sem hey var borið í fyrir gripi.

mellihvolía: vallhumall.

mergð: fjöldi, grúi, margt af e-u.

mergjaður: kröftugur, magnaður.

metorð: háir titlar, tignarstöður, mannvirðingar.

meykelling: ógift kona, piparmær.

meykellingaruggur: ótti við að pipra, þ.e. giftast aldrei.

meykja e-u á e-n: demba e-u á e-n, bauna e-u á e-n, láta e-n fá e-ð óþvegið.

meyr: tilfinninganæmur, grátgjarn.

mél: tími, tímabil, tíð (*á því méli*: um þær mundir).

mélugur: ataður í mjöli.

miðfirðis: á miðjum firði.

miðfælinn: sem leitar frá miðju.

miðmikill: mikill um miðjuna, mjaðmastór.

miður aftann: tíminn um kl. 18.

miðþyngdarstaður: þyngdarpunktur, sá punktur sem þyngd hlutar tekur mest á, miðpunktur.

mikileygur: stóreygur.

mikilsmegandi: sem má sín mikils, áhrifamikill.

milli pistils og guðspjalls: þegar tækifæri gefst, milli anna. Orðatiltækið er frá fyrri hluta 20. aldar og kann að vísa til þess er kirkjugestir sitja í kyrrð og ró og þurfa ekki að rísa úr sætum sínum (eins og þegar lesið er úr guðspjalli).

minnkast sín: skammast sín.

minnkun: hneisa, smán, skömm.

misseri: árstíð, hálft ár, sex mánuðir.

mjallrok: snjókoma, hríðarél.

mjór er mikils vísir: eitthvað sem byrjar smátt getur orðið stórt.

mubblur: (mublur) húsgögn

munaðarvara: óhófsvarningur, óþarfavörur.

mútter: mamma.

mylgra: láta af hendi í smá skömmtum.

mýrardrag: mýrlend lægð.

möglunarlaust: án þess að kvarta.

nafntogaður: nafnkenndur, víðfrægur.

narra: gabba.

natrónbragð: bragð af natroni (matarsóda).

naustshyrningur: hlutur úr nautshorni, tóbaksponta.

ná hnerranum: geta hnerrað; (bls. 264) *hefur varla náð hnerranum*: lífið hefur gengið erfiðlega.

náðarmeðul: talin sjö í kaþólskum sið; skírn, skriftir, altarisganga, ferming, hjónavígsla, prestvígsla og síðasta smurning en tvö í lúterskum sið; skírn og altarisganga.

neðanmálssaga: framhaldssaga í blaði eða tímariti (áður fyrr oftast prentuð neðst á síðu).

neðanprjóningur: sokkur sem prjónað hefur verið neðan við.

nepja: bitur kuldi, nístandi vindur.

netariðill: spjald sem afmarkar möskvastærð (*möskvi* er nokkurs konar lykkja sem þræðir í neti mynda).

netjaherbergi: (netaherbergi) herbergi þar sem unnið er að netum.

niðjar: afkomendur

niðurandlit: neðri hluti andlits.

nirvana: algleymi og lausn undan þjáningunni í indverskri heimspeki, sálarástand sem öll viðleitni búddatrúarmanna stefnir að.

níðangurslegur: óþokkalegur, meinlegur.

níðhöggur: rógsmaður, fjandmaður (í íslenskri goðafræði er Níðhöggur ormurinn sem nagar rætur Yggdrasils, lífsins tré).

norpa: híma og vera kalt.

nosturslegur: e-ð sem unnið hefur verið af vandvirkni.

nón: tíminn um kl. 15.

nótabrúk: nót (fiskinet) eða nætur og það sem þeim tilheyrir.

nú ber eitthvað nýrra við: (oft sagt í hneykslunartóni) nú er eitthvað nýtt, ný afstaða.

nú er lagið á honum: nú er þokkalegt ástand eða hitt þó heldur.

núa e-m e-u um nasir: álasa, ámæla, lasta.

Nýjajórvík: New York.

nýjung: e-ð nýtt, nýstárlegt.

næðingur: kaldur, napur vindur.

næpulegur: fölur, gugginn.

nærgengni: áleitni, ýtni.

næturþel: að næturlagi.

obbi: meginhluti.

ofan: niður.

offra: fórna, láta af hendi.

ofstopi: geðríki, ofsi.

olíustakkur: síð og (jafn)víð yfirhöfn, yfirleitt heil (ekki hneppt) að framan, stundum ermalaus.

olíutýra: (tíra) dauft ljós á olíulampa.

olræt: alllt í lagi.

orðagjálfur: fjas, marklaus orð.

orðasenna: deila, rifrildi.

orðskviður: málsháttur, spakmæli.

Ormar Örlygsson: persóna í samnefndri skáldsögu eftir Gunnar Gunnarsson, bókin er fyrsta bindið í *Sögu Borgarættarinnar* og kom út árið 1912.

Ormurinn langi: færeyskt kvæði eftir Jens Christian Djurhuus, ort um 1830, kvæðið dregur nafn sitt af herskipi Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs í orrustunni við Svoldur.

ornaður: (bls. 62) myglað, þ.e. það hefur hitnað í heyinu og það myglað.

orpinn: hulinn, þakinn.

ota sínum tota: beita aðstöðu sinni til að tryggja hagsmuni sína.

ó*a við e-u*: ógna e-ð, þykja e-ð skelfilegt, óttast.

óafmáanlegur: sem ekki er hægt að má (þurrka) burt, sem aldrei fyrnist.

óáran: illt árferði.

óbilgirni: ósanngirni, frekja, harka.

óbilgjarn: áleitinn, ófyrirleitinn, ósanngjarn.

óborinn: ekki fæddur

óbragglegur: illa útlítandi.

óðar en: strax, undireins.

óforhugsað: vanhugsað.

óforvarendis: að óvörum.

ófremd: skömm.

ófreskur: skyggn, sá sem sér það sem venjulegum augum er hulið.

ófús: ekki fús, ekki viljugur, tregur.

ófyrirsynja: út í loftið, að tilefnislausu.

óheyrilegur: fáheyrður, dæmalaus, afar illur.

óhrærður: ósnortinn.

ókind: óhræsi, ódámur.

ómegð: börn á þeim aldri að þau geta ekki séð um sig sjálf.

ómegin: öngvit, yfirlið.

óminnisdrykkur: drykkur til að gleyma (vín).

ósjálfsær: ekki augljós, ófyrirsjáanlegur

óskammfeilni: blygðunarleysi, ósvífni, þor.

ósreykur: reykur í olíulampa (sem gefur frá sér sót vegna ófullkomins bruna).

ósvinna: (bls. 38) ruddaskapur, dónaskapur.

ót: betrun, iðrun).

ótótlegur: óræktarlegur, ljótur.

ótta: tíminn kl. þrjú til sex að nóttu.

panell: borð, þil, tréborð notuð til klæðningar.

para: ysta lagið á kjöti, síðuspik.

passa sig: vilja ekki taka þátt í einhverju, hætta við e-ð.

pálmaviður: pálmatré, pálmi.

pár: krass, krot, vond skrift.

peningaður: ríkur.

peningasök: peningamál.

penpíulegur: (pempíulegur) teprulegur, tildurslegur, hégómlegur.

pereat: tekið úr latínu og þýðir „niður með hann“, vísar í hróp sem allmargir nemendur Lærða skólans gerðu að Sveinbirni Egilssyni rektor er hann vildi þvinga nemendur í bindindisfélag skólans.

pervisalegur: grannur, horaður.

pex: þræta, deila, jag, nöldur.

pétursskarð: hökuskarð.

pilsgopi: stutt (vítt) pils.

pjakka og pota: baksa, gaufa.

pjatla: smábútur af e-u, einkum álnavöru, tuska.

pjátursfata: blikkfata.

pjáturskrús: blikkdós, lítið ílát úr þunnum málmi.

pláss: þorp.

plógur: jarðvinnslutæki sem byltir við efsta yfirborði jarðar.

pluma sig: standa sig, ganga (vel).

pokaskaufi: lítill poki.

polki: sérstakur hraður dans í tvískiptum takti.

port: hlið, húsagarður.

postullegur: eins og postuli (sem tilheyrir postulum (lærisveinum) Krists eða er runnin frá þeim og starfi þeirra).

pottbrauðsbiti: biti af rúgbrauði bökuðu í eða undir potti (í hlóðum, við glóð).

pottlok: höfuðfat, lítið og óásjálegt.

pottormur: strákhvolpur, stráklingur.

pressa: (bls. 277) áhald til að pressa saman bækur í bókbandi.

prímus: sérstakt lítið eldunartæki sem notar bensín eða gas, (eldri gerðir steinolíu sem þær breyta í gas).

prímusniður: suðuhljóð úr prímus, þ.e. litlu eldunartæki.

prískúrantur: erlendur pöntunarlisti.

prjónaklukka: prjónaður undirkjóll.

prjónastokkur: aflöng hirsla úr tré undir bandprjóna, áður oft útskorinn og með renniloki.

prófastur: (bls. 13) prestur.

prófíll: hliðarmynd, vangamynd, mynd sem sýnir fyrirbæri frá hlið.

prófsi: háðsyrði um prófastinn.

pundfet: sú vinna (orka) sem þarf til að lyfta einu pundi eitt fet.

puntstrá: grasstrá með blómum.

pústur: högg.

pækilsaltað kjöt: kjöt sem látið er liggja í sterkum saltlegi.

raggeit: bleyða, skræfa, heigull, huglaus maður.

ragmenni: bleyða, huglaus maður, ræfill.

ragn: bölv, blót.

rakstrarvél: vél tengd aftan í dráttarvél til að raka saman heyi.

rasa: æða.

rassgjöf: vanhugsuð gjöf.

rauðseytt brauð: brauð sem bakað er þangað til það verður rauðleitt.

raumur: rumur, stór maður.

raunfirrtur: óraunverulegur, sviptur veruleika.

ráða sér lögum og lofum: vera allsráðandi.

ráðdeild: hagsýni, sparsemi, nýtni.

ráðsettur: gætinn, stilltur, flaslaus, hægur.

regnskitinn: óhreinn af regni.

reiður: reiðubúinn, til reiðu; *reiðir peningar*: reiðufé, laust fé.

reigingur: derringur, hroki, mont.

reikningsskil: lokauppgjör, endanlegt mat.

reising: reisn, virðuleiki.

reka e-n á stampinn: kveða í kútinn, hafa sigur yfir e-m í viðureign.

rekaldsþúst: þúfa, ójafna af e-u sem hefur rekið á land.

reki: rekaviður, hlutur sem hefur rekið á land.

rekistefna: afskipti, íhlutun.

rekkjunautur: sá sem sefur í sama rúmi og e-r annar.

rekkjustokkur: rúmstokkur, rúmbrík.

rekkjuvoð: rúmföt.

rella: raus, kvabb, áhyggjur.

rengi: fituríkur sinavefur á kvið hvala.

renta: vextir.

reyfari: afþreyingarbókmenntir.

reyrstokkur: göngustafur úr reyr.

reyta hvern sinn eyri handa e-m: spara alla peningana sína handa e-m.

reytur: svolitlar eigur.

rétta hlut e-s: ná fram rétti e-s, ná fram leiðréttingu.

rifnía: drusla, slitin flík.

rimpa: laga, sauma saman.

rindi: grasivaxinn flötur (í fjallshlíð).

ritningarstaður: staður, málsgrein, kafli í biblíunni.

ritúal: formvenjur, siðareglur (einkum um trúarathöfn).

rí: sollur, óregla.

ríða net: flétta net.

rímilegur: sanngjarn, eðlilegur, hófsamur í kröfum.

rísa upp við dogg: rísa upp til hálfs (í rúmi).

rísla sér: leika sér að e-u, dunda sér við e-ð.

rjáfur: þak að innanverðu.

rjól: óskorið (ósaxað) neftóbak, tóbaksblöðin snúin upp í lengju líkt mjóum kaðli, hún síðan vafin í þéttan hnykil.

rjúka upp til handa og fóta: rjúka af stað, bregðast skjótt við.

rolast: hegða sér eins og rola, þ.e. gunga eða dauf manneskja.

rolningur: krakki, krakkavæskill.

rolukast: deyfð, sljóleikakast.

rorra: rugga hægt.

rosabaugur: ljóshringur utan um sól eða tungl (átti skv. þjóðtrú að vita á veðrabrigði til hins verra).

róa fram í gráðið: sitja og hreyfa efri hluta líkamans fram og aftur.

rógbera: rægja, baktala.

rógburður: það að rægja, bakmælgi, illmælgi.

rógtunga: rógberi, baktalari.

rógur: álygar, ósönn illmæli.

róla: ganga hægt, rölta, dóla.

rót: kaffibætir (efni sem sett er í kaffi til að drýgja það).

ruður: matarúrgangur.

rún: fræði, vísdómur, leyndarmál.

rýja: (gæluorð) vesalingur.

rýtingur: skeiðarhnífur.

rækallsekkisens: (blótsyrði) helvítis, fjárans, skrambans.

ræll: gamall hraður sjómannadans í tvískiptum takti.

ræsi: skurður, stokkur sem vatni eða skólpi er veitt eftir.

sagnafár: fámáll, sem verst allra frétta.

sakramenti: hjálpræði, heilög kvöldmáltíð.

salarprýði: herbergjaskraut.

saltketslegur: eins og saltkjöt.

sambiðill: meðbiðill, keppinautur um kvonfang.

samjöfnuður: samlíking, samanburður.

samneyta: neyta matar með, umgangast.

samneyta: umgangast.

samvinnubúskapur: bú þar sem landbúnaður er rekinn með samvinnusniði, í eigu ríkis eða starfsmanna, algengt í kommúnistaríkjum.

saupsáttur: missáttur, ósáttur.

sálugur: (bls. 16) sæll (*sálugur* merkir oftast ‚látinn, dáinn', hugsanlega slær hér saman að *sæll* getur merkt ‚látinn', þótt alla jafna sé það ekki öfugt).

sá veit gerst sem reynir: sá veit best sem reynt hefur, þ.e. upplifað það sjálfur.

sefjasjúkur: (sefasjúkur) geðsjúkur, hugsjúkur.

segja af létta: segja frá af hreinskilni.

segjandasögn: kvittur, orðrómur.

seinni villan verður argari þeirri fyrri: seinni villan/vitleysan er verri en sú fyrri.

selskapur: félagsskapur, hópur, samkvæmi.

sem í sjónhendingu: í svipan, á augabragði.

semingur: hik, tregða.

senda e-m tóninn: skamma eða tala óblíðlega við e-n.

senda e-n út af örkinni: senda e-n (gagngert) í ákveðnum erindum.

setja á langar tölur: halda langar ræður.

setja á sig: leggja á minnið.

setja e-ð fyrir sig: láta e-ð á sig fá, hafa áhyggjur af e-u.

setja e-n í karphúsið: leika e-n hart.

setja sér fyrir sjónir: ímynda sér.

sé: (þt. af so. síga) seig.

séntilmaður: kurteis maður, heiðursmaður.

sér er nú hver: hvílíkur, skárri er það.

sérhver doggur á sinn dag: jafnvel hinum værukæra getur misboðið.

sérsinna: sérvitur.

sérting: þétt bómullarefni (olíuborið), notað m.a. til bókbands (á kjöl og horn).

sifjottföt: föt saumuð úr ullarefni ofnu úr cheviot-ull frá Englandi.

sigla háan byr: njóta velgengni.

sigla: ferðast til útlanda.

siglutré: sigla, mastur.

signaður: vígður, helgaður, blessaður.

sinnulítill: áhugalaus, rænulítill.

sitja í hrauk: sitja í keng, sitja kyrr.

sitja yfir annarra borði: beita e-n rangindum eða ofríki.

sitla: vætla, seytla.

sitt pundið af hvoru: gjarnan notað um kaffi og sykur, þ.e. pund af kaffi og sykri.

síbylja: stöðugt, suðandi hljóð.

síðrisull: sem fer seint á fætur.

sífra: væla.

sífur: væl.

sígaravindill: vindill.

sítla: vætla, seytla.

sjá e-ð við e-n: endurgreiða.

*sjá fátt úrkost*a: eiga ekki margra kosta völ.

sjáaldur: ljósop augans

sjáandi: sá sem sér, sjónarvottur.

sjálfráður: sjálfstæður, sem ræður sér sjálfur.

sjálfúðugur: sjálfsánægður.

sjást fyrir: sýna aðgætni.

sjóbúð: verbúð, tímabundinn bústaður sjómanna og fiskvinnslufólks (vermanna) á útgerðarstað (verstöð).

sjónæmur: með mikla lærdómshæfileika.

sjúga merginn úr e-m: draga þrótt úr e-m.

sjöundadagsaðventisti: maður í kristnum trúarflokki sem væntir endurkomu Krists innan tíðar, hefur hvíldardag á laugardegi, þ.e. sjöunda degi vikunnar.

skafbylur: mikill vindur með skafrenningi.

skapbrigði: geðbreyting, það að skipta skapi.

skaphöfn: skapgerð, skapferli.

skarka: braska, skrölta.

skaut: kjalta.

skáganga e-n: sniðganga, sneiða hjá e-m.

skágenginn: sniðgenginn, e-r sem gengið er fram hjá.

skáka í því skjólinu: gera e-ð (slæmt) í trausti e-s.

skálkaskjól: lítilvæg afsökun, yfirvarp.

skálkur: hrekkjalómur.

skegghýjungur: gisið skegg.

skeikull: sá sem skjátlast oft eða víkur frá réttri stefnu.

skekktur: skakkur.

skelkur: hræðsla, ótti.

skenkja: hella (hæfilegum skammti).

skepnuhöld: ástand búfjár (með tilliti til fóðrunar, sjúkdóma o.þ.h.).

skerast: fara í uppskurð.

skerpla: annar mánuður sumars að fornu íslensku tímatali, hefst á laugardegi í fimmtu viku sumars, þ.e. á bilinu 19.–25. maí, eggtíð, stekktíð.

skeyta e-u: fást um, gefa gaum, hirða um; *skeyta ekki neinu*: fást ekki um.

skikk: regla, festa, reglusemi.

skikkelsi: meinleysi, siðprýði.

skinnsokkur: sokkur úr skinni.

skipa e-m undir merki: vera sagt að fylgja e-m, vera settur í (her)fylkingu. Merki vísar hér til sérstaks tákns eða myndar (á stöng) sem hermenn hófu á loft fremst í herfylkingu.

skipastóll: floti, fjöldi skipa.

skippund: mælieining þyngdar, um 1kg.

skipreika: sem lent hefur í strandi eða skipbroti.

skiprúm: föst vinna í skipi, róður á fiskibát.

skiptaráðandi: skiptastjóri (með dómsvald, t.d. sýslumaður).

skiptavinur: viðskiptavinur.

skirrast við: veigra sér við, hika við.

skítt og lago: vera alveg sama um e-ð, skítt með það.

skítti: e-ð lítilfjörlegt eða gagnslaust.

skjal og skrum: lygar og blekkingar.

skjalla: smjaðra, slá e-m gullhamra, lofa e-n (án tilefnis).

skjallega vottfestur: skriflega staðfestur.

skjálfa eins og hildafullur hundur: vera vesældarlegur, hríðskjálfa.

skoltur: kjálki eða munnur, munnstæði.

skonnorta: seglskip, venjulega tví- til fimmmastrað.

skonrok: sérstök tegund af hörðnuðu brauði sem geymist lengi.

skopra: velta (og skoppa um leið).

skotra augunum til e-s: skjóta augunum til e-s, horfa út undan sér til e-s.

skóf: lag eða skán af e-u.

skólp: vatn með úrgangsefnum frá heimilum.

skósveinn flökkuriddarans mikla: vísar til sögunnar af Don Kíkóta.

skóvarp: brúnin umhverfis fótaropið á skinnskóm.

skóþvengur: mjó skinnræma notuð til að binda (íslenska) skinnskó á fót.

skrall: frjálslegur eða ábyrgðarlítill skemmtiviðburður, einkum e-s konar dansleikur með drykkju.

skran: rusl, lítils nýtt dót af ýmsu tagi.

skráveifa: áfall, miski.

skreytni: ósannsögli, lygi.

skreytni: ósannsögli, skrök.

skrifari: ritari.

skríll: siðlaus múgur, ruslaralýður, aga- og menningarsnautt fólk.

skrína: kista, koffort.

skro: munntóbak.

skrokkskjóða: líkamleg refsing.

skrúfa upp úr öllum veðrum: hækka upp úr öllu valdi.

skrýtilegt: skrýtið.

skrælingi: villimaður, niðrandi orð um frumbyggja.

skuldunautur: sá sem skuldar e-m.

skurmsl: hrúður.

skútukafteinn: skipstjóri á skútu.

skvumpa: hret, gusa.

skyggndur: skínandi, glansandi.

skyldulið: fjölskylda, frændfólk, heimilisfólk, ætt.

skytningur: drykkjusamkoma eða drykkjustofa þar sem hver borgar það sem hann drekkur.

skýluklútur: slæða, hula, blæja, höfuðklútur.

skæði: (sniðið, tilskorið) skinn í skó.

skækja: vændiskona, hóra.

skæla: gretta.

skældur: skakkur, afbakaður.

slafra: slefa.

slagtog: föruneyti, félagsskapur.

slakki: lægð, dæld, skvompa, lág, hvilft (t.d. inn í fjallshlíð).

slakta: slátra.

slampast: bjargast, komast af, reddast.

slangra: ráfa, reika um.

slangur: slæðingur, e-ð dálítið af e-u.

slannalegur: álappalegur, kjánalegur.

slást upp á: abbast upp á, áreita.

sleikjuskapur: smjaður, fleðulæti, undirlægjuháttur.

slifsi: (breiður) silkiborði með peysufötum þræddur við hálsmál peysunnar og bundinn í slaufu.

slinnalega: þyngslalega.

slorbingur: haugur af innyflum úr fiski.

slubbugur: óhreinn, sóðalegur.

slægja: gras sem hægt er að slá.

slægviska: kænska, lævísi.

slæpingjalýður: þeir sem slæpast, iðjuleysingjar.

smábaga: smávísa.

smáfjara: lækka eða hverfa smátt og smátt.

smáki: smælki, eitthvað smátt, (bls. 135) lítilmótlegt.

smáútvegshjón: smáútgerðarhjón, hjón sem eiga litla útgerð.

smér: smjör.

smokkar: úlnliðahlífar.

smó: (þt. af so. *smjúga*) þ.e. smaug.

smyrlingur: lík sem smurt hefur verið efnum til varnar roti.

smæra: ættkvísl innan ertublómaættar, plöntutegundir með litlum, litríkum blómum í hnöttóttum kollum, smári.

snakka: blaðra, þvaðra, tala markleysu.

snarka: gnesta, bresta.

snart: (þt. af so. *snerta*) þ.e. snerti.

sneglulegur: óblíður á svip, byrstur.

snerpa: auka hitann undir e-u.

sneyðast: skerðast.

sneypulegur: skömmustulegur, vandræðalegur.

snið: (bls. 141) komast til manns, verða almennilegir.

sniðskera: sneiða sitt á hvað, fara á ská.

snikra: snyrta.

snurpa: veiða með snurpinót, þ.e. stórri nót til að kasta yfir fiskitorfu og draga saman undir henni eins og poki væri.

snurtust: (þt. af so. *snertast*) þ.e. snertust.

snúa ekki aftur með e-ð: standa fast á e-u.

snússa sig: taka (tóbak) í nefið.

snússa: snuðra.

snússsaralega: yfirlætislega, með hroka.

soðning: soðinn fiskur.

sokkaplögg: sokkar, leistar.

sódómisti: samkynhneigð manneskja.

sónn: langdregið hljóð, væl.

spáflunkunýr: alveg nýr.

spákaupmennska: það að reyna að græða á kaupum eða sölu á verðbréfum þegar vænta má verðbreytinga.

spámannlegur: sem lítur út fyrir að vera spámaður, minnir á spámann.

spássétúr: (spássitúr) gönguferð (stutt og áreynslulítil).

spekálur: fíflalæti.

spekúlant: lausakaupmaður, braskari.

spenna: eyða, sóa.

spesíalism: sérfræðingur.

spilverk: leikaraskapur, gáski; hljóðfæraleikur.

spjald: tafla til að skrifa á.

sportföt: létt og frjálsmannleg föt.

sposklega: háðslega.

spóafótur: mjófættur maður eða barn.

sproti: frjóangi, stöngull eða eða grein með blöðum, vex venjulega út frá brumi (*fyrirtækin fara að skjóta sprotum*: fyrirtækin fara að festast í sessi, skjóta rótum).

sprútt: áfengi (einkum ólöglega selt).

sprök rödd: veik rödd sem brestur öðru hverju.

spýta e-u í e-n: kjafta e-u í e-n.

spæja: reyna að komast á snoðir um e-ð, njósna.

spæll: borði sem liggur frá axlarsaum og inn á öxl, festur með tölu.

spönn: gömul lengdareining, nokkuð misjöfn að lengd. Ein spönn var um 1/úr alin eða 0,159–0,18m. Löng spönn/langspönn var bilið milli þumalfingurgóms og litlafingur- eða löngutangargóms. Stutt spönn var bilið milli þumalfingur- og vísifingurgóms.

staðlausir stafir: lygar.

staðreyna: sannreyna, fá fullvissu um e-ð.

staffírugur: borginmannlegur, montinn.

staflygn: algerlega lygn, laus við vind.

staga: bæta, laga.

stallsystir: vinkona.

standa af sér: láta stuðla og höfuðstafi standa rétt (af sér).

standa á sama hvorumegin hryggjar e-ð liggur: það skiptir ekki máli til eða frá.

standa ekki út úr hnefa: vera lítill, smávaxinn.

standa e-m fyrir beina: bera e-m veitingar; (bls. 243) fóðra kúna.

standa e-m til annarrar handar: aðstoða, styðja.

standa í höm: híma og snúa sér undan veðri.

standa í reikningsskap: bera ábyrgð verka sinna (fyrir e-m), gera (e-m) grein fyrir verkum sínum.

standa í stykkjunum: standa sig vel.

standa straum af greiðslum: annast greiðslur, borga.

standa uppi: liggja á líkbörunum (þangað til líkið er kistulagt).

standast á endum: passa nákvæmlega.

standberg: lóðréttur klettaveggur.

standklettur: klettaveggur, hamar.

stanshissa: steinhissa.

stapskafteinn: stöðuheiti í Hjálpræðishernum.

staupaþing: sumbl, drykkja.

stauta: lesa hægt.

stefnivargur: refur sem skv. íslenskri þjóðtrú er magnaður með galdri til að drepa búfé.

steiningarlaus: óstífaður, litlaus.

steinsnar: skammur spölur, örstutt leið.

steinsykur: (kandís)sykur.

stell: fyrirhöfn.

steypa e-m: svipta e-n völdum, fella e-n úr sessi, steypa e-m af stóli.

steypa krukku: steypa sér í kollhnís.

stika: ganga hratt, stórum skrefum.

stika: lengdareining, mislöng, getur þýtt 55,cm eða einn metra.

stimpingar: áflog, tusk.

stinga í stúf: vera í ósamræmi við e-ð, öðruvísi en e-ð.

stirðna: harðna, frjósa.

stirfinn: stirður, óþjáll.

stirndur: (bls. 39) sem glampar á (eins og stjörnur).

stífsinni: þrjóska.

stjóra niður: reyra e-ð niður.

stokkur: rúmbrík.

stórgripur: hross eða nautgripur.

stórstaðarlegur: myndarlegur, stæðilegur, heimsborgaralegur.

stórstaður: stór staður, stórborg.

straff: refsing, hegning.

strandaglópur: sá sem missir af skipi eða öðru farartæki.

strigabuxur: buxur úr grófu efni.

strigi: gróft efni, ofið úr hampi eða jútu (trefjaefni).

striklota: sleitulaust áframhald, án þess að gera hlé á e-u.

strix: reigingslegur.

stríður: strengdur, spenntur.

stumpasirs: bútur af fínofnu bómullarlérefti (*sirs*: fínofið bómullarléreft, stumpur: stubbur eða bútur af álnavöru).

stunda til langferða: stefna að langferð.

stúta sig: fá sér í nefið úr pontu (með því að stinga stútnum upp í nösina).

stybba: reykjarsvæla, mjög þungt loft.

stækja: vond lykt (í hita), reykjarsvæla.

stækur: ofstækisfullur, öfgafenginn.

stæra: gorta.

stöndugur: efnaður, vel stæður.

sufl: matur.

sultardropi: glær dropi sem rennur úr nefi (manns) í kulda.

sumarmál: fimm síðustu dagar vetrar (frá laugardegi til sumardagsins fyrsta, fimmtudags).

sundurgerð: tilgerð, skrautgirni (í klæðaburði).

sundurlyndi: ósætti, ósamkomulag, ágreiningur.

sunnanblöð: blöð sem send eru að sunnan, þ.e. gefin út í Reykjavík.

súgur: dragsúgur, næðingur, gustur í húsum inni.

súkkat: sykraður börkur af sítrusávöxtum í litlum bitum, einkum notaður í kökur.

súld: smágert regn, úði.

súra: (bls. 414) vond lykt.

sútleður: sútað leður, verkað leður.

svað: fen, for, forað.

svartfextur: (bls. 421) svarthærður.

svartmataður: svartlitaður.

svefnganga: svefngengill, sá sem gengur í svefni.

sveiti: sviti.

sveitlægur: eiga rétt til eða vera á framfærslu í tiltekinni sveit.

svelgja: gleypa, háma í sig, svolgra, þamba.

svella: ólga, bólgna, þrútna.

sverfa að e-m: þjarma að.

sverfa að: þjaka, leika hart.

sverja sig í ættina: bera augljós ættareinkenni.

svipan : andrá, andartak.

svífast engra bragða: svífast einskis, neyta allra bragða.

svínabestisháttur: dónaskapur.

svolalegur: dónalegur.

svæla: reykja (vont tóbak sem brennur illa).

svörður: grasrót.

sytra: renna hægt, seytla.

sýfilis: sárasótt.

sýkn: saklaus.

sýknt og heilagt: alltaf, sífellt.

sýna viðmót: vera vingjarnlegur.

sýsla um: annast, sjá um.

sýta: hafa áhyggjur af, sjá eftir.

sýtingssemi: eftirsjá.

sæbrattur: brattur niður að sjávarmáli.

sækja í sig veðrið: herða sig, taka á sig rögg.

sælast eftir e-u: sækjast eftir e-u.

sængurfiða: þunn sæng.

sæta færi: (sæta færis) sjá sér færi á e-u, grípa tækifærið.

sæta lagi: leita eftir tækifæri.

söðlasmiður: maður sem vinnur við að smíða söðla, hnakka, aktygi o.þ.h.

söðulnefjaður: með nef niðursveigt í miðju.

sölsa undir sig: eigna sér, leggja undir sig.

*taka eitthva*ð eftir: herma eftir einhverju.

taka e-n upp á sinn eyk: taka e-n upp á sína arma, hjálpa e-m (eykur: akneyti, áburðardýr, dráttarhestur).

taka skakkan pól í hæðina: skjátlast, gera skyssu.

taka sönsum: láta sér segjast, halda rósemi, láta skynsemina ráða.

taka til anleiðingar: íhuga e-ð.

taka undir: bergmála, glymja.

taka út yfir allan þjófabálk: keyra um þverbak, er hneykslunarvert.

tambakshringur: látún úr kopar að tveimur þriðju eða meira (með gullslit).

tamning: þjálfun, æfing, ögun.

tannber: með tennur sem mikið ber á, með (langar) framstæðar tennur (og opnar varir).

tannhvass: hvassyrtur, kjaftfor.

tannúðugur: tannhvass, hortugur, ósvífinn.

tarfkálfur: nautkálfur.

tavarisjtsj: félagi, kommúnisti, bolsévíki.

tál: ginning, svik, blekking.

táp: atorka, fjör, frískleiki, þrek.

telja um fyrir e-m: beita fortölum við e-n, reyna að sannfæra e-n.

teygja álkuna: reka fram hökuna.

téður: fyrrnefndur.

til ágóða: (bls. 184) til styrktar.

til staðins: til staðar, á staðnum.

tilbeini: styrkur, aðstoð, hjálp, tilstuðlan.

tilbót: ofanálag, viðbót, þokkabót.

tileygur: dálítið rangeygður.

tillag: hjálp.

tilstyrkur: hjálp, aðstoð, stuðningur.

tilverknaður: sök, aðgerðir.

timburkumbaldi: lítið (og lélegt) timburhús.

Tinctura digitalis aetherea, Tinctura nucis vomicae, Tinctura strophanti, Salicylas physostigmicus, Chloretum ammonicum sublimatum, Hexamethylentetraminum, Acidum salicylicum, Acidum sulphuricum, Acidum nitricum: latnesk heiti á ýmsum lyfjum.

tindadofi: náladofi.

tígulegur: myndarlegur, höfðinglegur.

tíguleiki: tignarbragur, það að vera tígulegur.

tjóa: gagna, stoða, koma að haldi.

tjörupappi: tjöruborinn og vatnsheldur pappi.

togbandsspotti: spotti úr togi.

togrytja: lélegt tog, reitingur af togi (í kömbum).

tolldu: (nt. af „tolla“) haldast, vera kyrr.

tóbaksföng: efni og útbúnaður til tóbaksreykinga.

tóbakstala: smábiti af munntóbaki.

Tólfbjörn og Ellefubjörn: vísun í þjóðsöguna um Einbjörn, Tvíbjörn, Þríbjörn.

tólk: brædd tólg, feiti

tómthús: hús sem ekkert jarðnæði fylgir.

traktering: veitingar, (slæm) meðhöndlun.

trana sér framan í: vera með framhleypni.

trassaskapur: hirðuleysi.

tremor pubertatis: (latína) eiginl. ‚titringur æskunnar‘ eða ‚kynþroskatitringur‘, þ.e. að andlitið sé að þroskast, Salka sé á kynþroskaskeiði.

trilla: lítill (opinn) vélbátur.

trilla: tónn leikinn hratt á víxl við granntón sinn, oft sem skraut í tónverki.

troða illsakir við e-n: eiga í illdeilum við e-n.

troðningur: troðinn stígur.

tros: úrgangsfiskur, fiskur sem ekki var útflutningsvara.

trosnaður: slitinn (á endum).

trumba: tromma.

tryggðamál: formáli fyrir sætt, griðum.

tuddi: boli, bolakálfur.

tukthús: fangelsi.

tukthúslimur: fangi.

tutla: mjólka síðustu dropana.

tuttugu og eitt: fjárhættuspil sem er spilað með spilastokki.

túkall: tvær krónur.

túnskækill: túnsnepill, lítið tún.

tvíelleftur: tvíefldur.

tvílyftur: tveggja hæða.

týra: (tíra) dauft ljós.

tæmast arfur: hlotnast arfur, fá arf.

tæring: berklar.

töðufengur: töðumagn, það sem heyjað er af töðu.

tölugur: málgefinn, mælskur.

uggi: sundfæri fiska eða fiskur.

ulcus uteri: (latína) meinsemd í móðurlífi.

ullardurgar: fataræflar úr ull.

um hæl: aftur til baka.

umdu: (þt. af so. *ymja*) bergmála, hljóma.

umhleypingar: óstöðug veðrátta með vindum og úrfelli og (oft) sífelldum breytingum frá frosti til hláku og frá hláku til frosts.

umhverfast: reiðast, umturnast, ærast.

uml: lág, ógreinileg hljóð mannsraddar eða muldur.

umleikinn: umluktur, umvafinn, umkringdur.

upp á stáss: upp á punt, til skrauts.

uppáhellingur: kaffi sem hellt hefur verið á kaffikorg.

uppástól: sem treyst er á (en getur brugðist).

uppáþrengingar: sem þröngvað er upp á e-n, vandræði.

uppáþrengingar: sem þröngvað er upp á e-n, vandræði.

uppburðarlaus: sá sem kemur sér ekki að því að segja eða gera það sem er þó einfalt eða vandalaust, feiminn, óframfærinn.

uppburður: það að bera upp.

uppflenntur: útþaninn; (bls. 26) með víðar, glenntar nasir.

uppljúka: opna.

uppreistarandi: uppreisnarandi.

upptyppingur: píramídi, e-ð sem er í laginu eins og keila.

uppurinn: búinn, þrotinn.

upsar: (ufsar) neðsti hluti þaks, þakbrún, þakskegg.

Upton Sinclair: (f. 1878, d. 1968) bandarískur rithöfundur og þekktur sósíalisti.

usl og busl: ringulreið, glundroði.

utanveltubesefi: utangarðsmaður.

Úlfljótur: lögsögumaður á Íslandi til forna.

úlfur og gíll: aukasólir, ljósblettir sem myndast við ljósbrot sólargeislanna, (sbr. gíll og úlfur ganga undan og eftir sólu).

úrillur: geðvondur, önugur.

úrsvalur: hrollkaldur, rakur og svalur.

úrsvalur: hrollkaldur.

úrættaður: úrkynjaður.

útfarinn: slóttugur, kænn, leikinn.

úthey: hey af óræktuðu landi.

úthleypingur: e-ð sem hleypt hefur verið út, sbr. óargadýr Kristófers Torfdal.

úthýsi: afhýsi, bygging út úr aðalbyggingu, útihús.

útitekinn: sólbrenndur, veðurbitinn.

útlista: skýra, útskýra.

útmálun: nákvæm lýsing, útlistun.

útmánuðir: tveir til þrír seinustu mánuðir vetrar (einkum góa og einmánuður).

útrekstur: það að reka út, brottrekstur.

útræði: sjósókn.

útsjá: velja, útvega.

útskipunarbann: uppskipunarbann, bannað að ferma skip.

útskrifaður: (bls. 379) stútfullur.

útsæði: kartöflur sem eru settar í jörð og nýjar kartöflur vaxa upp af.

útúrboruskapur: tilhneiging til að fara sínu fram og hirða ekki um (samstarf við) aðra.

útvegur: útgerð.

vaðskítur: óheppni við fiskveiðar.

vafla: hik.

vafsast: flækjast, þvælast.

vafstra í e-u: fást við e-ð.

vafstra: fást við, vasast í, bauka, dunda.

vakk: flakk, snudd, vapp.

vallarsýn: mikill á velli, stór vexti.

vanar í þremur: vantar þrjú upp á (hann hefur verið í dalnum í ár).

varpa öndinni: andvarpa.

varpslitinn: (bls. 318) skorpnar.

varsími: kjölfar, rák eftir skip á vatni (sandi).

vaska: þvo. *annað sýnna*: líklegt er.

vatna kálfsóttarkú: brynna kú sem er að bera.

vatnsleðurstígvél: stígvél úr fitubornu, vatnsheldu leðri.

vaxa fiskur um hrygg: þroskast, mannast.

vaxa grön: spretta skegg.

válegur: hættulegur, ógurlegur.

veðurskeyti: (sím)skeyti sem greinir frá veðri á e-m tilteknum stað.

vega: vigta.

vegalaus: athvarfslaus, heimilislaus.

vegsummerki: (verksummerki) ummerki.

veiðistöð: staður þar sem veiði er stunduð, útgerðarstaður.

veik: (vék) (þt. af so. *víkja*) (bls. 79) snúa sér að.

veik: (þt. af so. *víkja*) (bls. 504) fór.

veita illa: ganga illa.

veita öðrum í e-u: hjálpa e-m við e-ð.

vekja máls á e-u: minnast á e-ð að fyrra bragði.

velgerningur: velgerð, góðverk.

velktur: sjúskaður, grár og gugginn.

velvirkur: vandvirkur.

vendilega: vandlega.

vera að sér: vera vel að sér, vera fróður.

vera á tætingi: vera á tvístringi, á tjá og tundri.

vera áfram um e-ð: vera áhugasamur um e-ð.

vera byggður á langveginn: vera byggður á lengdina (fremur en á þverveginn, þ.e. breiddina).

vera eiður sær: geta svarið um e-ð, vera viss um e-ð, (bls. 299) Bogesen var alveg viss um að hann ætlaði ekki að þiggja þetta boð.

vera ekki á flæðiskeri staddur: vera ekki nauðstaddur, eiga ekki í erfiðleikum.

vera ekki burðamaður: hafa ekki mikla líkamsburði.

vera ekki búinn að bíta úr nálinni með e-ð: vera ekki sloppinn frá e-u, eiga eftir að súpa seyðið af e-u.

vera ekki klókur á e-m: átta sig ekki fyllilega á e-m.

vera ekki sama hvorumegin kakks e-r klúkir: vera ekki sama um e-n.

vera ekki örgrannt um: vera ekki laust við e-ð.

vera e-m í vinarhúsi: vera vinveittur e-m.

vera e-m þægur ljár í þúfu: vera hlýðinn, eftirlátur.

vera fátt til einhvers: þykja lítið til einhvers koma.

vera frábitinn e-u: hafa ekki löngun til e-s.

vera frí af sér: vera hispurslaus í tali.

vera ginkeyptur fyrir e-u: vera ákafur í að kaupa e-ð, vera sólginn í e-ð.

vera gróinn í auðnum: vera ríkur, stöndugur.

vera heillum horfinn: vera auðnulaus, ófarsæll, óheppinn.

vera hvekkur í hvers manns kopp: vera með nefið niðri í öllu, skipta sér af öllu þótt það komi manni ekki við.

vera illa artaður: vera illa innrættur.

vera innanbúðar: vera afgreiðslumaður í verslun.

vera innsti koppur í búri hjá e-m: vera mjög inn undir hjá e-m, vera handgenginn e-m.

vera lens í pontunni: eiga ekki neftóbak (neftóbaksílátið tómt).

vera lítill bógur fyrir landi: vera lítill fyrir sér, ómerkilegur.

vera lítill fyrir manni: vera lítill fyrir sér, lítilfjörlegur.

vera með tíma: eiga burðartíma.

vera með æðiber í rassinum: vera ókyrr, eirðarlaus.

vera rakinn í e-u: vera ákveðinn í e-u.

vera ráðinn í að gera e-ð: ákveðinn í að gera e-ð.

vera reikull í ráði: óákveðinn, hverflyndur, ekki við eina fjölina felldur.

vera samskipa: vera á sama skipi og e-r, vera samferða.

vera sæmra að: vera meira sæmandi, viðeigandi.

vera sönnu nær: e-ð eru orð að sönnu, hverju orði sannara.

vera tamt að gera e-ð: vera vanur að gera e-ð.

vera undir hælinn lagt: óvíst, ekki vitað.

vera undirorpinn: hlíta, gangast undir, játast undir.

vera uppsigað við e-n: amast við e-m, vera illa við e-n.

vera uppsprottinn: vera upprunninn, uppalinn.

vera vart og skart: vera af og frá.

vera vel í skinn komið: vera bústinn, feitur.

vera vel kynntur: vera vinsæll, í góðu áliti.

vera þrándur í götu e-s: standa í vegi fyrir e-m, vera e-m hindrun.

verða að saltstólpa: breytast í e-ð kyrrstætt, daga uppi.

verða af með fiskinn: losna við fiskinn, fá e-ð fyrir fiskinn.

verða aflfátt: bresta afl.

verða ekki skotaskuld úr e-u: eiga ekki erfitt með e-ð.

verða ekki uppnæmur fyrir e-u: halda ró sinni yfir e-u, komast ekki í uppnám.

verða e-s áskynja: fá að vita e-ð, komast að raun um e-ð.

verða innkulsa: ofkælast.

verða innlyksa: stöðvast eða teppast e-s staðar (til langframa).

verka upp: hreinsa.

verki: (bls. 504) kvæði, kveðskapur.

versa: veröld.

verslunarlag: fyrirkomulag verslunar.

vesaldargaul: eymdarleg hljóð.

verund: tilvera.

vettvangur: mótsstaður, svið.

vébönd: bönd kringum friðhelgan stað, mörk, markalínur.

véfrétt: goðsvar, goðspá.

véla: blekkja, gabba.

vélabrögð: blekkingar, svindl.

vélræði: brögð, svik.

viðkynning: kynni, það að kynnast.

viðlög: til vara; *nota e-ð í viðlögum*: grípa til einhvers sem á þarf að halda.

viðriniskvíga: *viðrini*: tvíkynja skepna, kynlaus vera, lítilfjörleg persóna eða skepna; *kvíga*: kvenkyns kálfur, ungkýr. Hér á Guja við að Salka Valka sé engu betri en hún.

vik: skora, vík.

vildarkjör: mjög góð (viðskipta)kjör, kostakjör.

villukenning: röng kenning, villutrú.

vinda fram: þróast, æxlast.

vingull: óstöðuglyndur maður, flón, kjáni.

vinna gren: skjóta tófu(r) í greni, uppræta greni og fá greitt fyrir.

visitasía: *(vísitasía)* eftirlitsferð biskups (prófasts) um umdæmi sitt.

vistferli: vistaskipti, að fara úr einni vist í aðra.

vit: skilningarvit (munnur og nef).

vita á: benda til, boða.

vita hvar skórinn kreppir: vita hvar þrengir að, hvar úrbóta er þörf.

vitkaður: skynsamur.

vitrast í draumi: birtast, opinberast.

vígseðill: víxill, skuldabréf sérstakrar tegundar þar sem samþykkjandi (þ.e. skuldarinn) lofar að greiða útgefanda ákveðna upphæð á tilteknum degi.

vínandi: alkóhól.

vínirkruss: (vínarkruss) ein gerð af opnum ræl.

vísvitund: full vitund, meðvitaður ásetningur.

volkaður: slæptur, sjúskaður.

votaband: blautir baggar, hey sem var bundið á votri slægju og flutt burt til að þorna.

voteygur: votur um augu og hvarma (eftir grát eða rennsli úr augum).

voveiflegur: skyndilegur, hræðilegur.

vælinda: vélinda.

vör: lendingarstaður báta.

ybba sig: derra sig, rífa kjaft.

yfirbótarbekkur: iðrunarbekkur (*yfirb*

yfirganga: (so.) það að ganga út yfir takmörk e-s.

yfirsjón: afglöp, glappaskot.

yfirtroðsla: brot á e-u.

yfrið: yfirdrifið.

yggldur: illilegur, ófrýnilegur, þungbúinn.

ypparsti: ágætasti.

yppast : lyftast.

yrjóttur: blettóttur, dílóttur, dröfnóttur.

ýring: úði, væta.

ýsudúfa: magi úr ýsu.

ýta hurð frá stöfum: opna dyr.

það brestur ekkert á: það vantar mikið á; (bls. 306) *það brestur ekkert á nema hníf milli tannanna*: það vantar ekkert nema hníf milli tannanna.

það er mjótt mundangshófið: meðalvegurinn er vandrataður (mundangshóf merkir það bil á vog sem mundangið, þ.e. vísirinn, bendir á).

það er sjálfgerður silinn: ekki er um annað að gera, e-ð er sjálfgert.

það er valdast: það er undir því komið, fer eftir því.

það gengur ekki hnífur á milli e-a: þeir eru mjög samrýndir, alveg sammála, á þeim er enginn munur.

þa*ð móar af töðuhárinu*: vætan þornar af heyinu.

það var lóðið: mikið rétt, einmitt (notað þegar á að samsinna e-u).

það væsir ekki um e-n: það fer vel um e-n.

þangblað: þangblaðka.

þar eð: þar sem, úr því að.

þar lá að: það var og, það var svo sem auðvitað.

þaufa: paufast, fálma sig áfram.

þága: það að þiggja að gjöf.

þána: þiðna.

þegar á átti að herða: þegar á reyndi, þegar til átti að taka, þegar til kastanna kom.

þegar í harðbakkann slær: þegar verulega reynir á.

þegar öll kurl eru komin til grafar: þegar öllu er á botninn hvolft, þegar allt kemur til alls.

þeim er nóg sem skilja: sá sem skilur þarf ekki frekari útskýringar (málsháttur af latneskum toga: *(verbum) sat sapienti / sapienti sat* (‚orð nægir skynsömum; það sem sagt hefur verið nægir hinum skynsama').

þekkja sig: kannast við sig, ratar.

þénari: þjónn.

þil: viðarklæðning á vegg, skilveggur milli herbergja.

þilfar: vatnsþétt gólf sem lokar báts- eða skipsskrokki. Í stórum skipum eru mörg þilför hvert yfir öðru.

þjóðnýttur: notaður af þjóðinni; þjóðnýting er yfirtaka ríkisvalds á eignum í einka-eigu, hér er átt við nauðgun kvenna.

þjóðunum gefur eins og þær eru góðar til: þjóðir fá það sem þær hafa unnið til.

þjóstur: höstugleiki, geðvonska, önugheit.

þoka: fara burt, víkja.

þora til við e-n: hafa áræði til að fást við e-n.

þorrakoma: upphaf þorra, þorri er fjórði mánuður vetrar skv. gömlu íslensku tímatali, hefst föstudag í 13. viku vetrar á bilinu 19. til 26. janúar.

Þorsteinn Síðu-Hallsson: fornsagnahetja sem barðist í Brjánsbardaga með Sigurði Orkneyjajarli, frá honum er sagt í *Brennu-Njáls sögu* og *Þorsteins þætti Síðu-Hallssonar*.

þó: (þt. af so. þvo) þ.e. þvoði.

þófta: bekkur sem liggur um þveran bát til að sitja á við róður.

þóttalega: með stolti, hroka.

þrakk: þjark, þref.

þrákelkinn: þrjóskur.

þrákelkinn: þrjóskur.

þrekinn: gildur, breiðvaxinn, sterklegur, feitur.

þrekinn: gildur, breiðvaxinn, sterklegur, feitur.

þrídagaður: maður sem hefur verið látinn standa uppi (liggja á líkbörunum) í þrjá daga eftir andlát.

þrugl: rugl, þvættingur.

þrykkja: ýta niður, þrengja að.

þröm: brún, nöf.

þröngt: þrengt.

þulbaldalegur: sífelldur, leiðinlegur, tilbreytingarlaus.

þumlungur: (lengdareining) misstór eftir einingakerfum. Á Íslandi var einn þumlungur 1/álnar eða 2,4–2,cm. einsins og rifbeinin þar um kring.

*þungar búsifja*r: áfall, tjón.

þunnildi: kviðhluti (slægðs eða flatts) fisks.

þurfamaður: þurfandi maður, sveitarómagi, maður á fátækraframfæri.

þurrabúð: býli þar sem sjómenn eða daglaunamenn (þ.e. verkamenn sem vinna fyrir launum frá degi til dags) sem eru í verstöð eða sjávarbyggð dvelja og hafa ekki afnot af landi til að halda húsdýr.

þúsund ára ríkið: þúsund ára tímabil friðar, ástar og gleði sem hefjast mun á jörðu við síðari endurkomu Krists.

þvara: stöng með blaði á til að hræra í potti; *standa eins og þvara*: standa aðgerðalaus, vera ráðvilltur.

þv*arr*: (þt. af so. *þverra*) minnka, skerðast, hverfa.

þveitast: þeytast.

þvert ofan í: í andstöðu við.

þykkja: móðgun, gremja.

þyrsklingur: lítill þorskur.

þýlyndismaður: undirgefinn maður, höfðingjasleikja.

þöngull: stilkur af þara sem rekur upp í fjöru, vex upp af festu (þöngulhaus) og á efri enda hans situr stórt blað.

þöngulrót: rót af þara.

æðahópur: hópur af æðarfuglum.

æðra: ótti, hugarangur.

æðrufullur: kjarklaus, hræðslugjarn.

æður: æðarfugl.

æki: hlass, vagnhlass.

ættfæra: greina ætterni, skyldleik e-s.

æxlast: tímgast, auka kyn sitt.

öfughneigð: öfuguggaháttur.

öldungis: alveg, mjög.

öllsömun: (öllsömul) öll saman.

ölmusa: fátækrahjálp.

örbirgð: allsleysi, fátækt.

öxull: snúningsás, möndull.